

S J Å L F S T Æ D I S M Å L I D



1.

LÁTIÐ ALDREI DÁ ÓGÆFU HENDA,
AD VANDROSKI VALDI SUNDRUNGU.

Fullveldisræða 1. desember 1940
(Ísafold og Vörður, 7. des. 1940)

Háttvirtu filheyrendur.

Í öndverðu hófu forfeður vorir hér landnám vegna þess, að svo rík var frelisþrá þeirra að þeir kusu fremur að yfirgefa ætt og óðal og leita hingað norður, en lúta drottinsvaldi annarra, kúgun og ofbeldi.

Hver sá, er kynnir sér sögu Íslands, mun komast að raun um, að án þjóðfrelsis geta Íslendingar eigi dafnað, fremur en gróður jarðar án yls og sólar.

Á þjóðveldistímanum lifa Íslendingar í nær 4 aldir við fullt frelsi og sjálfstjórn. Þá þróast hér menning, sem um margt er sérstæð. Þjóðskipulagið, löggjöfin, trúarlífið, allt ber það vitni um þroskaða og frjálsmannlega hugsun. Á þeim tímum eignast Íslendingar bókmenntir, er reynst hafa þess megnugar að varðveita tungu vora og þjóðerni fram á þennan dag. Bókmenntir, sem nú eru kunnar víða utan landsins stranda, og lifa munu um aldur og æfi, bæði hér og þar, meðal þess er bezt þykir og frábærast í allra þjóða bókmenntum.

Eftir að íslendingar glötuðu þjóðfrelsinu lamaðist þróttur þeirra og andlegt atgervi í viðjum ófrelsис í 5 aldir, en strax og ný frelsissól rann, var sem kraftar þjóðarinnar væru leystir úr læðingi og brytust út til nýrra átaka og afreka.

Hinn 1. desember 1918 mun jafnan verða talinn einn mesti merkisdagur í sögu þjóðarinnar. Þann dag var Ísland viðurkennt frjálst og fullvalda ríki og öðlaðist jafnframt lagalegan rétt til þess að taka í eigin hendur öll yfirráð allra sinn mála eftir árslok 1943.

Eigi fögnuðu íslendingar þessum merka áfanga í sjálfstæðisbaráttunni með stórfenglegum hátiðahöldum, enda hafði þá nýverið geysað í höfuðstaðnum segileg drepsótt, er naumast var hjá liðin, og hafði skilið eftir mörg sár og djúp.

Öllum þeim er viðstaddir voru mun þó verða ógleymanleg hin látlusa athöfn, er fram fór hér í höfuðstaðnum, er íslenzkur ríkisfáni var í fyrsta sinn dreginn að hún á stjórnarráðshúsi hins frjálса og fullvalda íslenzka ríkis.

Síðan hefur 1. desember verið hátiðisdagur íslendinga.

Þann dag hafa íslendingar um land allt komið saman til þess að minnast og gleðjast og vinna heit, alltaf árlega, allt þar til í fyrra, að þessi hátiðahöld féllu niður að mestu eða öllu.

Íslendingar hafa að undanförnu sérstaklega valið 1. desember til reikningsskila. Þann dag hefir þjóðin viljað skoða sjálfa sig í skuggsjá raunveruleikans, leitast við að gera

sér grein fyrir, hvar hún hefir verið á vegi stödd, hvað hún hafði vel gert og hvað miður, hvert stefndi og hversu mætti bæta úr misfellunum og auka líkur fyrir því, að framtíðin mætti færa þjóðinni farseld og blessun. Hafa dómarnir um þjóðina verið nokkuð misharðir. Um hitt hefir ríkt full eining, og eigi sízt á 20 ára fullveldishátiðinni, 1. desember 1938, að framundan lægi rudd gatan beint að hinu langþráða marki, algjörum yfirráðum Íslendinga yfir öllum sínum málum. Allir voru þá sammála um það, að stefna þangað óhikað með öllum þeim hraða, er lög stóðu frekast til, og allir voru á eitt sáttir um, að úr þessu ~~ettu~~ íslendingar það við sig sjálfa og eina, hver yrði endir hinnar löngu sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar.

Síðan eru nú liðin tvö ár – tvö viðburðarfík ár – um allt er varðar framtíð þjóðar vorrar og raunar alls mannkynsins.

Í sögu Íslands munu viðburðir þessara ára verða taldir merkari flestu því, er sagan nú geymir, þótt vel megi vera, að það sé nú framundan, er enn meiri tíðindum þyki sæta.

Vér íslendingar höfum á þessum tíma borið gæfu til að sameina kraftana. Nær hálfu ári áður en styrjöldin braust út, var hér mynduð þjóðstjórn, studd af öllum lýðræðisflokkum landsins. Óttinn við að misstíga sig á síðasta áfanganum á leið til algjörs þjóðfrelsis, vann það prekvíki að sigra úlfúðina, er sprottið hafði upp af hinu viðurstygglega návigi í þessu landi kunningsskaparins. Þetta er fagur vottur um sterka frelsisþrá Íslendinga.

Dá hafa og þeir atburðir orðið er miklum fögnuði myndu hafa valdið ef ööruvísi hefði á staðið. Á ég við það, er öllum er kunnugt, að íslendingar hafa nú tekið í eigin hendur alla stjórn utanríkismála sinna og flutt seðsta valdið í málafnum ríkisins inn fyrir landsteinana. En þessar ákvarðanir, er Alþingi íslendinga tók aðfaranótt hins 10. apríl síðastliðins, eru þein afleiðing þess, að sambandsland vort, Danmörk, hafði verið hertekið, enda ákvað Alþingi jafnframt, að þær giltu aðeins "að svo stöddu", hvað sem síðar reynist. Sé ég því eigi ástæðu til þess að fjölyrða um þær að þessu sinni, en læt nægja að geta þess, að íslendingar hafa hvarvetna haft sóma af því, hve skjótt þeir brugðu við og hve giftusamlega þeim tókst að rata meðalhófið í þessu mikla vandamáli.

Þess kann að vera vængt, að ég geri að umræðuefnni, hverra aðgerða muni að vænta í sjálfstæðismálunum á næsta Alþingi. Ég get ekki orðið við þeim óskum. Ríkisstjórnin er öll á einu máli um það, að eigi beri að gera neitt heyrum kunnugt um fyrirætlanir í þessum efnum fyrr en málid er útrætt innan stjórnarinnar og miðstjórnha og þingflokkka lýðræðisflokkanna.

Dá er þess enn ógetið, er menn sízt höfðu séð fyrir, að land vort var hernumið hinn 10. maí síðastliðinn, réttum mánuði eftir að vér höfðum tekið hinar mikilvægu ákvarðanir.

Íslensk stjórnarröld mótmæltu að sjálfsögðu "kröftuglega ofbeldi því sem hinn brezki herafli" framdi "er hlutleysi Íslands var freklega brotið", eins og stendur í bréfi því, er ríkisstjórnin þá samdægurs afhenti sendiherra Bretta.

Að öðru leyti vísaði ríkisstjórnin til bréfs, er hún, að gefnu tilefni, hafði afhent aðalræðismanni Bretta hinn 11. apríl síðastliðinn, en þar segir meðal annars:

"Aðstaða Íslands er hins vegar sú, að þegar sjálfstæði Íslands var viðurkennt 1918, lýsti það yfir ávarandi hlutleysi og er auk þess vopnlaust. Ísland vill því hvorki né getur tekið þátt í hernáðarlegum aðgerðum né gert bandalag við nokkurn hernáðaraðila.

Bó að íslenzku ríkisstjórninni dyljist ekki, að íslenzka þjóðin er þess ekki megnuð að verja hlutleysi sitt, vill hún taka það skýrt fram, að hún mun mótmæla hvers konar aðgerðum annarra ríkja, sem í kynnu að felast brot á þessari stefnu".

Hygg ég, að ríkisstjórnin hafi ekkert frekara getað aðhafzt, er að formi eða efni hefði verið til bóta úr því sem komið var.

Dað er sannmæli, að enginn veit sína sefina fyrr en öll er. Ég viðurkenni, að vér Íslendingar höfum verið áþetta minntir. Óss skilst nú betur en á 20 ára fullveldishátiðinni, að fleiri spinna nú örlagabréði Íslendinga en sjálfir vér, og að ef til vill erum vér ekki alveg jafn einráðir og vér setluðum um það, hvæser og hvernig vér stígum inn í hið fyrirheitna land fullveldis og algerðra yfirráða allra málefna vorra.

En enginn skyldi þó halda, að vér getum engin áhrif haft á örloð vor.

Dað gildir óss sem aðra, að eigi skiptir það eitt mál, og eigi heldur aðalmáli, hvað að höndum ber, heldur varðar það mestu hversu við er orðið. Vér kennum að vísu kvíða og finnum hversu smáir vér erum og máttvana, en vér finnum

einnig styrk smáþjóðarinnar, sem vegna uppruna síns, tungu, bókmennta og sögulegrar þróunar á sér helgan rétt, sem aldrei verður afmáður og aldrei að eilífu frá henni tekinn.

Sú trú er leiðarstjarna vor á þessum tímum óvissu og alvöru. Af henni lárum vér stjórnast jafnt um orð sem athafnir.

Vera má að í mínum sporum myndi einhver fremur kjósa að begja um hernám Íslands en tala um það. Ég kýs þó síðari kostinn, þann að tala um það, sem allir hugsa um, það, hvaða áhrif ætla megi að hernám Íslands hafi á framtíð þjóðarinnar.

Hefðu Bretar sjálfir ekkert sagt um sínar fyrirætlanir, og vér yrðum að byggja vonirnar á því einu, sem oss þetti líklegast, þetti mér skynsamlegt að álykta á þessa leið:

Verði Bretar undir í styrjöldinni, munu aðrir fara með úrskurðarvældið. Mér þykir jafn fjarstætt að ætla, að þjóðverjar létu þá hernám Íslands bitna á oss, sem það, að Bretar hyggðu á hefndir í garð Dana út af hernámi Danmerkur.

Að hvorugu geta nokkur skynsamleg rök legið - hvorugt setti því að þurfa að óttast.

Sigri Bretar hins vegar, vildi ég fyrst mega byggja á því, er þeir hafa undanfarna áratugi sagt um gildi smáþjóðanna, sjálfsákvörðunarrétt þeirra og frelsi.

"Guð hefir útvalið smáþjóðirnar til þess að færa göfugustu vínin að vörum mannanna barna, svo hjörtu þeirra megi gleðjast, andans sýn glæðast. trú þeirra vaxa og styrkjast."

"Frá smáþjóðunum hefir heiminum hlotnæzt fegurstu og mestu listaverkin".

Betta eru orð þess af þjóðforingjum Bretta, er á síðari árum hefir náð hvað mestri lýðhylli þar í landi, og ekki sízt vegna þess, hve meistaralega hann kynni að segja það, sem þjóðin hugsaði.

"Réttlætið er dýrmætasta eignin", hefir hann einnig sagt, og efnislega svipuð ummæli hafa flestir forystumenn Bretalátið sér um munn fara.

Íslendingar eiga ekki að þurfa að óttast ástæðulausa ásælni af hendi þjóðar, er þannig hugsar.

Þá hafa Bretar og í þessari styrjöld letrað sjálfsákvörðunarrétt allra þjóða á fána sinn. Stórveldi, sem sigrar undir þeim fána, getur ekki fagnað sigrinum með kúgun eða frelsiskeröingu minnsta og varnarlausasta ríkis veraldarinnar.

Loks er svo sú staðreynd, að sigri Bretar, verður vart séð, að þeim geti verið knýjandi nauðsyn að ná hér fótfestu.

Af öllu þessu ætla ég að álykta megi, að strax eftir lok ófriðarins, myndu Íslendingar öðlast að nýju fullt frelsi, þótt ekkert lægi fyrir annað en rök skynsemi og réttlætis.

En Bretar hafa talað.

Daginn, sem Bretar hernámu Ísland, gekk sendiherra þeirra á fund ríkisstjórnar Íslands, og gaf, fyrir hönd brezku ríkisstjórnarinnar, hátiðlegt fyrirheit um það, að það væri "fastur ásetnilgur hennar að kalla þennan her heim þegar er yfirstandandi ófriði lýkur, og að hún hafi engan ásetning eða ósk um að skipta sér af núverandi stjórn landsins".

Bretar munu aldrei svíkja þessi heit. Þar er í húfi eigi aðeins þjóðfrelsi Íslendinga, heldur og þjóðarheiður Bretta. Þessi eiður hins mikla og volduga heimsveldis, er því í dag dýrmetasti fjársjóður vorrar litlu og varnarlausu þjóðar.

Vinni Bretar styrjöldina þurfum vér eigi að grundvalla kröfur vorar um brottför herliðs þeirra úr landi og landhelgi Íslands, og algert afskiptaleysi þeirra af málefnum vorum, eingöngu á fornum, sögulegum rétti Íslendinga, heldur getum vér og byggt á nýjum skýlausum loforðum og fyrirheitum Bretta sjálfra.

Að öllu þessu athuguðu tel ég, að á hverju sem veltur í ölduróti umheimsins, hvor hernaðaraðilinn sem það verður, er sigur ber af hólmi, þá bendi allt til þess, að hernám Íslands hafi ekki úrslitabýðingu um framtíð þjóðarinnar.

Stúdentar, eldri og yngri, og æskulýður höfuðstaðarins, er í dag samfylkir með stúdentum, virðist vera mér samdóma um þetta.

Í tuttugu ár höfðu stúdentar fangað fullveldinu með því að fara fylktu liði um götur höfuðstaðarins og hlýða á ræðu af svölum Alþingishússins.

Í fyrra brugðu þeir þessari fögru venju. Ástæðan var sú, að hinn 30. nóvember bárust hingað þær fréttir, að 170 milljónir hálfvilltra og grimmúðugra Ásiumanna hefðu ráðizt á nágranna sína - þriggja milljóna þjóð.

Þeim hildarleik er nú löngu lokið. Hann stóð nógu lengi til þess að fylla menn andstyggð á grimmmd, og undrun yfir vesseldómi milljóna mágveldisins. En Finnar, sem að sönnu létu bæði lönd og líf sinna vöskustu sona, skráðu nafn sitt óafmáanlegu letri í sögu allra alda, með hetjudað og manndómi, sem trauðla á sér sinn líka.

Dað var óttinn um örlög þessarar hraustu manndómsþjóðar, sem róði því, að íslenzkir stúdentar höfðu ekki geð í sér til þess að fagna þjóðfrelni og fullveldi Íslendinga í fyrra.

Dað sé hér sagt þeim til verðugs lofs.

Nú ári síðar, er hinn þjóðlegi fagnaður vakinn að nýju.

Á þessu ári hefir þó meðal annars það skeð, að sambandsþjóð vor hefir verið hertekin, að önnur þjóð, okkur jafn hjartfólgin, hefur verið buguð með vopnavaldi, og loks að vort eigið land er hernumið.

Þrátt fyrir þetta taka stúdentar nú upp þá fullveldisgleði, er í fyrra féll niður.

Stúdentar vita, að hvorki hópganga né hreystiyrði megnar að blása nýjum lífsanda í þjóðfrelnið, ef það væri í heljargreipum. Engin látalæti geta fjarlægt haettuna, ef hún vofir yfir. Samt sem áður fagna þeir fullveldinu í dag. Dað er vegna þess, að þeir telja, að rás viðburðanna hafi ekki búið því grand.

11
Góðir áheyrendur.

Íslendingar mega í dag renna augunum fram hjá þeim óbaerilegu raunum er hundruð milljóna frænda og vina verða að þola. En vér skulum nota fullveldisdaginn til þess að gera oss grein fyrir vorri eigin afstöðu. Í flestum efnum er oss nú meiri vandi á höndum en venja er til. Allir þettir athafna og fjármálalífsins eru flóknari og viðfangsefnin fleiri og vandmeðfarnari en fyrr. En þó er sá vandinn ef til vill mestur, að haga svo sambúðinni við hið fjölmenna erlenda setulið, er nú í fyrsta skipti býr í landi voru, að eigi hljótist veruleg vandkvæði af. Mega Íslendingar hvorki sýna Bretum hroka né ókurteisi, og þaðan af síður auðmýkt eða undirlægjuhátt, heldur eignum vér í hvívetna að koma fram sem frjálsbornir menn, er kunna að vera einarðir án dóna-skapar og kurteisir án fleðuháttar.

Íslendingum gefst nú óvenjulegt færí á að sanna hvers virði eru djúpar rætur. Vér eignum að sýna heimsveldispregnunum, er nú eru í sambýli við oss, hvort heldur sagan, bókmenntirnar, þjóðernið og frelsið, eru aðeins djásn, er komið geti í eyður verðleikanna, eða mannbroddar til þess að fóta sig með á svelli, er öðrum rótminni þjóðum yrði hált á. Vér þurfum að gera oss ljóst, að vér ráðum sjálfir miklu eða mestu um framkomu útlendinganna við oss. Oss ber að láta oss skiljast, að með því verður styrkur vor mestur, að vér, vegna framkomu vorrar, njótum virðingar þeirra. Til þess þurfum vér eigi aðeins að standa við loforð vor og skuldþindingar í hvívetna, heldur og að stjórna svo öllum vorum málefnum, að eigi orki tvímaelis, að vér séum vel færir til þess.

Íslendingar.

Minnumst nú þess hve móðurmálið er hreint, mjúkt og ríkt, hversu fagur er dalurinn og hefur jökla hringurinn. Látum þá ást, er svellur í brjóstum vorum hvenær sem vér þurfum að hverfa burt frá fósturjarðar ströndum, brjótast út í ljósum loga, er lýsi upp, og vísi veginn yfir sérhverja torfæru, er framundan kann að vera.

Minnumst þess, að saga vor er ekki eingöngu sigrar, heldur fyrst og fremst baráttu og brautir. En náttúra landsívors og óblíð lífskjör hafa mótað sterkan vilja. Einbeinum þeim vilja að baráttunni fyrir því, að 120 þúsund sálir, sem búið hafa á 100 þúsund ferkílómetra lítt ræktuðu og hrjóstrugu landi norður undir íshafi, sem frjáls og fullvanda menningarbjóð, láti aldrei bugast, heldur stælist við hverja nýja braut.

Í sögu vorri stendur:

Lands vors tjón var arfur eigin synda
Öld sem kynnti heiftuð sína blinda,
dauðafjötur knýtti sjálfri sér.

Dér, sem unnuð að þjóðlegri einingu, af ótta við að styrjöld kynni að brjótast út, og þér, sem stuðluðu að þjóðlegri einingu, af kviða fyrir því að þjóðinni yrði fótaskortur áður en náð yrði síðasta áfanga frelsis og fullveldis, minnizt nú þess, að án frelsis hafa Íslendingar aldrei notið gleði né atgerðis, og látið aldrei þá ógæfu henda, að vanþroski valdi sundrung, nú, eftir að heimstyrjöldin er riðin yfir og vort eigið ástkrera land hernumið.

2.

RÉTTUR ÍSLENDINGA OC STEFNA
Í SJÁLFSTÆÐISMÁLINU.

(Isafold og Vörður, 15. mars 1941)

Af ýmsum ástæðum, sem ég hirði ekki að greina nánar, hefði ég talið heppilegast, að opinberar umræður um sjálfstæðismálið hefðu legið niðri, þar til gengið yrði úr skugga um það, hvort Alþingi gæti ekki tekið nú eins og að undanförnu, að koma fram í því af fullum einhug, þessi innaá við og út á við gagnvart öðrum þjóðum.

Vonirnar um að það myndi takast tel ég í rauninni einu frambærilegu ástæðuna fyrir því, að ríkisstjórnin létt undir höfðu leggjast að bera fram fyrir Alþingi, þegar er það kom saman, ákveðnar tillögur til úrlausnar þessu mikla vandamáli.

En þar sem málið hefir nú verið tekið til opinberrar umræðu, áður en Alþingi sjálft hefir nokkuð um það fjallað, þykir mér ekki rétt að sitja lengur hjá við þær umræður. Þess vegna mun ég í grein þessari skýra stuttlega frá skoðunum mínum á málínú í höfuðdráttum. En ég þykist mega staðhæfa, að ég sé þar í samræmi við skoðanir meiri-hluta þingflokkks Sjálfstæðisflokkssins og miðstjórnar.

Ég tel kjarna málsins vera pennan:

Hafa Íslendingar öðlast nýjan rétt í sambandsmálinu?
Og ef svo er: Eiga Íslendingar þá að hagnýta sér hann
og þá hvensem og hvernig?

Hér er um það að ræða, hvort hin raunverulegu sambands-
slit, sem verða eftir hertöku Danmerkur, hafa breytt
réttarafstöðu landanna eins og hún er ákveðin í sambands-
lögunum. Um þetta mikilvæga atriði hafa komið fram mis-
munandi skoðanir. Sumir virðast hikandi í því, að kveða
upp úr um það, að réttarafstaðan hafi breytzt. Ég er þar
á alveg gagnstæðri skoðun.

Bótt ég sé að vísu ekki sjálfur lögfræðingur, hefi ég
átt þess kost að kynna mér umsögn og álit hinna fróðustu
og kunnustu sérfræðinga á þessu sviði, bæði innlendra
og erlendra, og hefi við ihugun þeirra gagna, sannfærzt
um, að við hin raunverulegu sambandsslit hafi Íslendingar
öðlast alveg tvísselalausan rétt til að vifta sambands-
lagasamningnum. Að mínum dómi er því sambandslagasamn-
ingurinn úr gildi fallinn, ef Íslendingar lýsa því yfir
að þeir hagnýti sér riftingarréttinn.

Til frekari stuðnings þessari skoðun minni vel ég aðeins
geta þess, að eimabekktasti þjóðréttarfræðingur þessarar
aldar, prófessor Anzilotti, sem meðal annars hefir verið
forseti milliríkjadómstólsins í Haag, heldur því fram
um milliríkjjasamninga, að rifting alls samningsins sé
heimil jafnvel bótt vaneind sé óveruleg. Ekki víkur hann

að því að sök á vanefnd hafi nokkra þýðingu, þ.e.a.s. hann álítur ótvírett að riftingarrétturinn sé alveg jafnt fyrir hendi, þó að sá, sem vanefndi, beri enga sök á vanefndum sínum.

Einn aðal þjóðréttarhöfundur hins enskumelandi heims, prfessor Oppenheim, virðist vera á alveg sömu eða mjög svipaðri skoðun. Álit sumra annara erlendra sérfræðinga, sem ég hefi átt kost á að kynna mér, gengur að vísu ekki alveg eins langt. Dannig telur t.d. prfessor Lauterpacht í London, að til þess að skapa riftingarheimild þurfa vanefnd verulegs atriðis. En þó er það athyglisvert, að hann gerir beinan fyrirvara um, að sé um mörg veruleg atriði að ræða í sama samningi, þá nægi vanefnd eins þeirra til að skapa riftingarrétt alls samningsins. Ágreiningurinn milli þessara sérfræðinga skiptir ekki málí f því, sem hér er um að ræða. Hann er sem sé einungis um það, hvort óveruleg vanefnd heimili riftingu alls samningsins, eða hvort til þess þurfi verulega vanefnd. Hins vegar virðast sérfræðingarnir ekki telja það skipta málí hvort sá, sem vanefnir í verulegu atriði, á sjálfur sök á vanefndunum eða ekki. En um það getur alls enginn ágreiningur verið, að eins og nú er komið sambandinu milli Íslands og Danmerkur, sé um verulega vanefnd að ræða.

Ég tel ástæðulaust að færa fram frekari rök fyrir þessu, en endurtek þá staðhæfingu, að ég tel hiklaust að riftingarréttur sé fyrir hendi og sambandslögin úr gildi fallin, ef Íslendingar neyta hans.

pá er komið að síðari spurningunni: Eiga íslendingar að neyta þessa réttar? Er þá eðlilegt að spurt sé um fyrri afstöðu Alþingis til þessa máls.

Á Alþingi 1928 bar Sigurður Eggerz fyrrverandi forsetisráðherra fram fyrirspurn til allra þingflokkanna um afstöðu þeirra til sjálftæðismálsins. Gáfu þá allir þingflokkarnir nokkurn veginn ótvírseðar yfirlýsingar í málinu. Á Alþingi 1937 kom þingviljinn enn skýrar fram, því þá var samþykkt tillaga í málinu með atkvæðum allra viðstaddir þingmanna, 43, en 6 þingmenn voru fjarverandi.

Við umræður um mális á Alþingi gaf framsögumaður Sjálfstæðisfloksins meðal annars svohljóðandi yfirlýsingu í umboði floksins:

"Og það sem Alþingi lýsir yfir, ef samþykkt verður þessi tillaga Sjálfstæðisfloksins, er skýrt og skorinort þetta: Við íslendingar viljum nota heimild 18. greinar Sambandslagasamningsins, til þess að krefjast þess, að strax eftir árslok 1940 verði byrjað á samningum um endurskoðun sambandslagasamningsins. Í öðru lagi viljum við enga samninga gera í staðinn, heldur hagnýta ákvæði sömu greinar um að fella samninginn með öllu úr gildi þremur árum eftir að þessi endurskoðunarkraf.. kemur fram".

Með þessum forsendum var tillagan síðan samþykkt.

Í þessari yfirlýsingu Alþingis felst í rauninni tvennt: í fyrsta lagi, að íslendingar setla að taka öll sín mál í sínar eigin hendur, og í öðru lagi, að þeir setli að gera það eins fljótt og lög standa til. Að vísu var þá

gert ráð fyrir, að engin leið lægi að þessu marki önnur en sú, sem lögð er í sambandslögunum, það er að segja eftir árslok 1943. Nú hefur hins vegar verið sýnt fram á það hér að framan, að óvæntir atburðir hafa fært okkur þennan rétt nú þegar. Og er þá úr því að ráða, hvort það sé í samræmi við stefnu og hagsmuni alþjóðar að ráða málínú til endanlegra lykta nú þegar.

Viðhorfið í dag er þetta: íslendingar geta með einhlið samþykkt fellt sambandslögin úr gildi. Þar með taka þeir fyrir fullt og allt alla stjórn sinna mála í sínar hendur. Að því er snertir seðstu stjórn landsins, konungsvaldið, liggja ákvarðanir um skipan þess að sönnu utan sambandslagasáttmálans. En nú eftir því sem kunnugir herma og nú síðast forsetisráðherra í grein er hann ritaði í Tímann, er talið upplýst, að verði sambandslagasáttmálinn felldur úr gildi, óski konungur sjálfur ekki að konungssambandið haldist, og mun því þegar af þeirri ástæðu mega telja, að rifting sambandslagasáttmálans hafi í för með sér niðurfellingu konungssambandsins og þá vantanlega stofnun íslenzks lýðveldis. Og nú vaknar spurningin: Því ekki að gera þetta hiklaust og þegar í stað.

Ég tel að sönnu að færa megi ýms rök og sum ekki veigalítill gegn því að þetta sé gert. En þar sem ég get hugsað mér að atvik gætu legið til þess, að íslendingum yrði hagkvæmt að nota sér riftingarréttinn síðar á næstu misserum, tel ég hæpinn vinning að rekja þau rök. Ég skal þó leiða athygli að því, að enda þótt íslendingar væru allir jafn vissir um riftingarréttinn og ég, þá er þó skynsamlegt að gera ráð fyrir að einhverjir aðrir kynnu að vefsengja þennan rétt.

Allir vita og viðurkenna að íslenzkt ríki verður hvorki stofnað né varðveitt með vopnavaldi og hervörnum. Sverð okkar og skjöldur verður samningsrétturinn. Slík þjóð má því aldrei tefla á tvær hættur um það, að augljóst sé, að frelsi hennar og sjálfstæði sé grundvallað á alveg óvífengjanlegum rétti. Og það er því síður ástæða fyrir íslendinga að leggja neitt í hættu í þessu efninu, þar sem þeir eiga í 18. gr. sambandslaganna alveg ótvíræðan rétt til þess að fá yfirláð allra sinna mála í sínar eigin hendur í árslok 1943. Fyrir því eru engin skilyrði sett um samþykki nokkurs annars aðila og af okkur einungis krafist þess, að við séum ekki sjálfum okkur sundurþykkir. Samþykki 2/3 hlutar Alþingis þessa ákvörðun og staðfesti þjóðin hana síðan með allsherjaratkvæðagreiðslu, sem 3/4 hlutar kjósenda sækja og 3/4 hlutar þeirra er sækja, gjalda jákvæði, þá hefir íslenzka þjóðin með því öðlast fullkomið sjálfstæði með þeim hætti sem enginn fær vífengt.

Að sönnu skal játað að líklegt er að Danir viðurkenni riftingarrétt íslendinga, og er þó hugsanlegt, að þeir myndu síður sætta sig við riftingu, vegna þess að vanefndin er þeim að ósekju. En hvað sem því líður er það íslendingum líklegra til álits og samúðar, þeði sambandlandsins og annara ríkja, að reisa hið alfrjálsa lýðveldi fremur á gömlum og óvífengjanlegum rétti en þeirri vanefnd sambandsríkisins, sem það ber enga sök á.

Þessi rök ein skera úr um það, að fara ber þá leið sem sambandslögin gera ráð fyrir, nema alveg sérstök rök séu færð fyrir því, að önnur leið yrði farin.

Og nú er kannski rétt að snúa spurningunni við:

Hvers vegna á að fara aðra leið, hvað vinnst?

Í þeim umræðum, sem um þetta mál hafa orðið, hefi ég engin rök heyrt færð fram fyrir því, að stíga síðasta sporið nú þegar, önnur en þau, að haepið sé að við munum reynast þessa megnugir síðar - þessu hefi ég heyrt haldið fram í fullri alvöru. Ég get þó á engan hátt samsinnt þessum mönnum. Þessi kviði hlýtur að grundvallast á öðru tveggja: Að áhugi íslendinga endist ekki til að skila þeirri þátttöku í atkvæðagreiðslu, sem krafzit er samkvæmt 18. gr. sambandslaganna og áður greinir, eða að utan-aðkomandi vald meinaði þjóðinni þess að neyta réttar síns.

Um hið fyrra er það að segja, að skorti íslendinga ein-dreginn áhuga þá eiga þeir ekki skilið frelsið. En ég teldi það óréttmætt vantraust á þjóðinni að gera ráð fyrir slíku.

En að því er hið síðara varðar virðist það alveg augljóst, að meini erlent vald okkur þá að neyta réttar okkar að lögum, þá myndi hið saman vald ekkert frekar virða þær ákvarðanir, er við nú kynnum að taka.

Mér sýnist þess vegna að athuguðu mál, að heldur ekki þessi einu rök, sem þó kynnu að vera athyglisverð, nægi til þess að beina málinu til tafarlausra úrslita.

Niðurstaðan af þessum hugleiðingum mínum er því þessi:

1. Ég tel að íslendingar eigi tvímselalausan rétt til að rifta sambandslagasamningnum nú þegar.

2. Vegna þess að ég viðurkenni, að það sé að minnsta kosti hugsanlegt að þessi réttur verði ekki viðurkenndur af öðrum, en íslendingar hafa hins vegar ótvíraðan rétt til að skipa öllum sínum málum, samkvæmt 18. gr. sambandslaganna, þá vil ég ekki nota þennan rétt að óbreyttum kringumstæðum.

Það sem égg legg til að gert verði nú er þetta:

1. Alþingi lýsi því yfir, að það telji íslendinga hafa rétt til að rifta sambandslagasamningnum með einhliða yfirlýsingu af sinni hálfu. Jafnframt álykti Alþingi að þessi réttur verði hugnýttur hvenær sem ástæður þykja til síðar.
2. Endurskoðunar á sambandslagasamningnum verði krafizt nú þegar.
3. Sem bráðabirgðaráðstöfun verði valinn sérstakur ríkistjóri, sem fari með konungsvaldið að svo stöddu.
4. Alþingi gefi nú í fyrsta skipti yfirlýsingu um framtíðar stjórnskipulag landsins og þá einkum um skipun æðsta valdsins.

3.

SÉRHVER UNNINN SIGUR

VERDUR NÝR AFLGJAFI

Kaflar úr landsfundarræðu 1943

(Morgunblaðið 18. júní 1943)

Ég kem þá að sjálfstæðismálínu. Ég þarf ekki að ræða hin merku spor, er stigin voru á Alþingi 1940 og 1941. Um þau voru allir sammála.

Sú eining ríkti raunar að minnsta kosti á yfirborðinu á vorþinginu 1942. Dá tóku allir flokkar þátt í því að kjósa stjórnarskrárnefnd, sem skyldi undirbúa mális í hendur sumarþingsins, sem koma átti saman að afloknum kosningum 5. júlí, í því formi, að á sumarþinginu yrði hægt að samþykkja nýja stjórnarskrárbreytingu um stofnun íslenzks lýðveldis og kosning ríkisforseta, stjórnarskrá, sem svo endanlega yrði samþykkt á haustþinginu er komi saman að afloknum síðari kosningum, sem voru 18. og 19. október síðastliðinn. Gerðu allir flokkar þetta mál þannig að sínu stefnumáli við kosningarnar 5. júlí. En á sumarþinginu 1942 varð, eins og ég áðan gat um, ágreiningur um mális, og tel ég mér skylt að gera nokkra grein fyrir því, er þá skeði.

Tilmæli Bandaríkjanna

Dað mun hafa verið 26. júlí síðastliðinn, að einn af vandamestu mönnum Bandaríkjanna, Harry Hopkins, kom hingað til Íslands. Hann átti tal við mig og skýrði mér frá skoðun Bandaríkjanna á sjálftæðismálínus, en ég skýrði honum hins vegar frá skoðun okkar íslendinga á því máli. 31. júlí bárust mér svo skilaboð frá stjórn Bandaríkjanna gegnum sendifulltrúa þeirra hérna í Reykjavík, þar sem farið var fram á, að íslendingar frestuðu að taka endanlegar ákvarðanir, eða stíga lokasporið í sjálftæðismálínus þar til eftir árslok 1943. 4. ágúst kom Alþingi saman og skýrði ég því þá þegar í stað á lokuðum fundi, frá hinu nýja viðhorfi í málínus. Ég fór fram á að skipuð yrði átta manna nefnd, tveir úr hverjum þingflokkum, til að ræða málið. Var nú tekið til óspilltra mála og hinn áttunda ágúst sendi ég stjórn Bandaríkjanna skýrslu um skoðun Íslands í málínus. Var meðal annars skýrt frá því, að Alþingi hafi tvisvar sinnum, 1928 og 1937, ákveðið að slíta öllu sambandi við Dani, strax og sambandslagasamningurinn heimilaði, og að ákvörðunin um stofnun lýðveldis hefði að baki sér, ekki aðeins alla flokka, heldur og alla þingmenn. Ennfremur að það sé skoðun íslenzkra fræðimenna studd af heimsfrægum erlendum fræðimönnum, að íslendingar hafi nú, vegna vanefnda Dana á samningnum, tvímelalausan rétt til þess að slíta öllu sambandi við Dani nú þegar. Þar segir ennfremur:

Vakin skal athygli á því, að 17. maí 1941, lýsti Alþingi því yfir einróma, að það teldi Ísland hafa öðlast rétt til fullra sambandsslita við Danmörku og það vildi að stofnað yrði lýðveldi á Íslandi, jafnskjótt og sambandinu við Danmörku verði formlega slitið. Þessar ályktanir höfðu þannig verið gerðar og birtar opinberlega áður en hervernd U.S.A.

á Íslandi kom til tals. Þessar ályktanir voru tilkynntar stjórn Dana formlega stjórnarleiðis.

Og loks segir, að það sé:

"Enda frumréttur viðurkenndrar fullvalda þjóðar að ákveða sjálf stjórnarfyrirkomulag sitt".

Ég skal geta þess, að höfuðrök Bandaríkjanna fyrir þeirri ósk, að við frestuðum lokasporinu þar til eftir árslok 1943 var sú, að Bandaríkin óttuðust, að það yrði notað til árása á Bandaríkin, að þau hefðu knúð okkur til að stíga lokasporið, meðan herliðið var hér á landi, en með þessari skýrslugjörð sönnuðu Íslendingar, að þessar ákværðanir voru teknar löngu áður en Bandaríkjaher kom hingað.

Mér barst svo svar Bandaríkjanna dagsett 20. ágúst 1942.

Þar segir meðal annars:

"Ríkisstjórn Bandaríkjanna viðurkennir, að ógilding samningsins og sambandsins og hinarr fyrirhuguðu breytingar á grundvallaratriðum í stjórnarfari Íslands, sé mál, sem íslenzka þjóðin setti ein á friðartíma að taka ákvörðun um, eftir óskum sínum og þörfum."

Og þar segir enn fremur:

"Vill Bandaríkjastjórn endurtaka þá bendingu, að rétt sé að fresta að taka ákvörðun um sambandsslitin þangað til betur stendur á, ekki aðeins vegna Bandaríkjanna og Íslands sjálfs, heldur og í þágu heimsskipulagsins og skilnings milli þjóða yfirleitt".

í þessari nótu var enn lögð höfuðáherzla á eins og getur í þessum tilfæröu orðum, að við frestuðum að stíga lokasporið. Alþingi íslendinga ákvað væri einróma að verða við þeirri beiðni, og tilkynnti Bandaríkjunum það, en bau tilkynntu okkur hins vegar með sérstakri nótu, að frá þeirra sjónarmiði væri alls ekkert því til fyrirstöðu, að Ísland yrði lýðveldi eftir árslok 1943.

Um þetta var samkomulag á þingi. En nú hófst baráttan um, í hvaða formi skyldi afgreiða málið. Ríkistjórnin leitaðist allt þingið við að ná samkomulagi og gerði allar tilraunir í þá átt, í því skyni að sam-eina alla flokka um afgreiðslu málsins. Þetta tókst þó ekki, en málinu lyktaði, sem kunnugt var, með því að samþykkt var svohljóðandi stjórnarskrárbreyting:

"Þegar Alþingi samþykkti þá breytingu á stjórnskipunar-lögum Íslands, sem greinir í ályktun þess frá 17. maí 1941, hefir sú samþykkt eins þings gildi, sem stjórnskipunarlag, er meiri hluti kosningabærra manna í landinu hefir með leyнilegri atkvæðagreiðslu samþykkt hana".

Sjálfstæðisstjórnarskráin

Um sjálfstæðisstjórnarskrána, sem nú hefir verið staðfest undir forystu Sjálfstæðisfloksins, en sem Framsóknarflokkurinn kallar "spor aftur á bak", vil ég að öðru leyti segja þetta:

Í fyrsta lagi er það út af fyrir sig hagur fyrir íslendinga að hafa getað orðið við óskum og eindregnum tilmælum Bandaríkjanna. En það, sem vannst, er þó fyrst og fremst þetta tvennt:

1. Eftir samþykkt þessarar stjórnarskrárbreytingar getum við nú, hvenær sem er, með samþykkt eins Alþingis og án allra kosninga, stofnsett lýðveldi á Íslandi og kosið forseta. Ef engin samþykkt hefði verið gjörð á sumarþinginu, eins og Framsóknarflokkurinn virðist helzt vilja, þá væri ekki haðt að gera þetta, nema með því að tvö þing samþykktu það og kosningar færðu fram í milli. Þetta er mjög veigamikill vinningur og getur orðið þýðingarmeiri heldur en menn í dag gera sér ljóst, ef snögglega þætti nauðsynlegt að bregða við í málinu.
2. Hitt tel ég þó enn meira virði, að þegar íslendingar tilkynna Bandaríkjum, að þeir hafi í hyggju "að stofnað verði lýðveldi á Íslandi", þá fer stjórn Bandaríkjanna að sönnu fram á að þetta verði ekki gert fyrr en eftir árslok 1943, en hún lýsir jafnframt yfir því, að "hinax fyrirhuguðu breytingar á grundvallaratriðum í stjórnarfari Íslands sé mál, sem íslenzka þjóðin ein setti á friðartínum að taka ákvörðun um eftir óskum sínum og þörfum.

Að vísu höfðu Bandaríkin og Bretland viðurkennt Ísland sem "frjálst og fullvalda ríki" í sambandi við herverndunarsamninginn, sem ég áður hefi getið um. En í sambandslögunum er Ísland líka talið "Frjálst og fullvalda ríki", enda þótt Danir færðu með utanríkismál okkar og konungurinn var sameiginlegur. Með þessum nótuskiptum, sem ég gat um og fram fóru undir forystu ríkisstjórnarinnar, hafa nú Bandaríkin einnig viðurkennt, og það er ný viðurkenning, að eins og þar stendur, séu "breytingar á grundvallaratriðum í stjórnarfari Íslands mál, sem íslenzka þjóðin ein á að taka ákvörðun um. Með öðrum orðum, stofnun lýðveldisins, það er að segja slit konungssambandø

ins, það er mál sem íslenzka þjóðin á ein að taka ákvörðun um, að dómi Bandaríkjanna. Mikilvægi þessarar yfirlýsingar af hendi stærsta og voldugasta lýðríki heimsins liggur meðal annars í því, að réttur íslendinga á að slíta konungssambandinu er ekki grundvallaður á neinum sérstökum samningum, heldur helgast hann af eðli málsins og óskum og þörfum íslendinga. Íslendingar hafa löngu lýst sinni skoðun og vilja. Nú hafa Bandaríkin sagt sitt álit. Samkvæmt því vitum við nú, að ef svo skyldi fara við friðarborðið, að einhver yrði til að vefsengja rétt okkar í þessum efnum, hvort heldur er um ógildingu sambandslaganna eða slit á konungssambandinu, þá hafa Bandaríkin, sem sjálf sagt ekki verða minnsti aðilinn við friðarborðið, þegar sagt: Herrar mírir, þetta er mál, sem íslendingar eiga einar að taka ákvörðun um eftir óskum sínum og þörfum. ~~Agæti~~ pessa sigurs í sjálfstæðisbaráttunni verður ekki vegið eða metið í dag.

Framtíðin

Þetta er saga málsins, en framtíðin skiptir að sjálfsgögðumestu. Stjórnarskrárnefndin, sem skipuð var á vorþinginu 1942 hefir nú lokið störfum. Hún hefir lagt til einróma, að málínus verði lokið að fullu þannig, að lýðveldið verði stofnað og ríkisforseti kosinn í síðasta lagi 17. júní 1944. Um þetta á öll þjóðin að sameinast. Hún gerir það vonandi öll, áður en lýkur. Að vísu eru einstaka svikamerðir að verki. Sumir þeirra látaст vera rammir í sjálfstæðismálínus, heimta alveg tafarlaust afgreiðslu málsins, en nota þó hvert tækifæri til þess að reyna að spana til úlfúðar og deili um það. Aðrir eru með bollaleggingsar um að það sé ódrengilegt gegn Dönum að ljúka málínus fyrr en eftir að samtöl og samningaumleitanir milli íslendinga og Dana hafi farið fram að ófriðarlokum. Ég veit nú ekki, hvort

fer svo mikið fyrir drengskapnum hjá sumum þeirra, sem
flest fjasa um þetta, og það er kannski ekki heldur miklu
fyrir að fara yfirleitt í stjórnmálabaráttu Íslendinga,
þar sem drengskapurinn er. En auk þess er það ekki
annað en barnaskapur að vera að tala um einhvern ódreng-
skap í sambandi við tafarlausa afgreiðslu málsins. –
Við höfum fyrir löngu, begar árið 1928 tilkynnt Dönum,
að við setluðum að ljúka þessu málí þegar í stað, er
sambandslagasamningurinn heimilaði, og ef ekki hefði
komið til styrjaldar, þá hefðum við stofnað okkar lýð-
veldi 1944. Ég get nú ekki séð, að hægt hefði verið að
gagnrýna Íslendinga, þó þeir hefðu stofnað lýðveldi
þegar í stað árið 1940, eftir að Danmörk var hernumin.
En þyki mönnum þó, sem um það megi deila, þá er hitt
að minnsta kosti alveg augljóst mál, að stofnun lýð-
veldis eftir árslok 1943 getur á engan háttalizt brigð-
meli við Dani, eða valdið þeim nokkrum vonsvikum.
Menn eru að tala um að við settum að ræða við Dani, áður
en við stofnuðum lýðveldið. Um hvað er að ræða? Okkar
ákvöröun er föst og óumbreytanleg. Danir gætu því aldrei
haft þar um neitt að segja, annað heldur en þá að leggja
á það sitt samþykki. Efnislega kemur það því í nákvæm-
lega sama stað niður, hvort við tölum við Dani eða ekki.
Ef Danir hins vegar setluðu að freista þess að bregða fyrir
okkur fæti í því skyni að reyna að raska niðurstöðu máls-
ins, þá er það ekki skylda neins Íslendinga, nái bíða
eftir þeim aðgerðum, sem mér raunar heldur ekki dettur í
hug að kemmu til greina.

Af þessu er bert, að hrein fásinna er að halda, að svo
mikið sem grunur geti leikið á því, að ódrengilegt sé
gegn Dönum að ljúka málinu tafarlaust eða að láta sér
detta í hug, að þeirra vegna sé yfirleitt nokkur ástæða
til að seinka ferðum okkar.

Flestir viðurkenna þetta líka, að minnsta kosti að athuguðu málí. En þrátt fyrir það heyrist ein og ein rödd, einnig meðal þeirra, sem tala um málið af þeirri alvörugefnu einlægni, sem því hæfir, sem segir að ekkert liggi á.

Það er ekki hvegt að færa fram á opinberum vettvangi öll þau rök, er sanna villu þessarar staðhæfingar. En þó þykir rétt að drepa á einstakar veigamiklar staðreyndir.

Lífsnauðsyn

Nú orðið vita allir, að það er bjóðinni lífsnauðsyn að fara sjálf og ein með sín utanríkismál. Enginn danskur maður getur þar gert Íslandi sama gagn eins og íslendingurinn sjálfur. Þetta stafar ekki eingöngu af því, að erlendir menn öðlast yfirleitt ekki sömu þekkingu og skilning á högum, háttum og þörfum bjóðarinnar eins og landsins eigin synir, heldur einnig af því, að enginn danskur maður hefir sömu aðstöðu gagnvart erlendum utanríkisráðuneytum, til að fá uppfylltar óskir íslendinga, eins og íslendingurinn, sem þangað kemur, til þess að flytja mál sinnar bjóðar.

Allt þetta vita íslendingar nú orðið. En hvers vegna? Það er vegna þess að nú eru þeir búnir að heyra um það dóm reynslunnar, - sjá og heyra nægjanlega mörg dæmi deginum ljósari því til-sönnunar.

Allt öðru málí gegnir um konungssambandið. Fyrir kostum þess og göllum hafa miklu ferri gert sér grein. Það mál er viðkvæmt og verður því lítið rætt, en þó vil ég leiða athygli að því, sem ég engan hefi heyrt synja fyrir, að auk þess sjálfsagða metnaðar íslendinga, að vilja að

heimurinn viti, að þeir eru í einu og öllu sjálfstæð
þjóð, þá er það mjög oft beint og stórvægilegt hags-
munamál, að ekki sé ruglað saman réitunum svo að okkar
hagur sé talinn Dana hagur, og Dana þarfir okkar þarfir.
Um þetta þekkjum við nóg dæmi, sem lengi höfum fengizt
við utanríkisverzlu og sjálfsagt kunna aðrir að segja
svipaða sögu af sínum verksviðum.

Þetta er staðreynd. Önnur staðreynd er sú, að meðan við
höfum sama konung og Danir, verðum við í augum allflestra
í umheiminum danskir. Einnig um það kunna margir að segja
sögur af eigin reynd.

Það er þess vegna ekki að eins metnaðarmál, heldur og mjög
stórvægilegt fjárhagslegt hagsmunamál að öruggur endur
verði á þetta mál bundinn. Og það er engum vafa undirorpíð,
að við tryggjum það langsamlega bezt með því að vera búinir
að ganga frá okkar málum að fullu og öllu áður en kemur
að friðarborðinu. Ég efast ekki um, að þegar að því
kemur, þá muni Danir hugsa eins, þó að þeir séu orðnir
frjálsir og þeir gera nú, meðan þeir eru undir járnhælnum
og geti þess vegna, þá eins og nú, unnt okkur alls hins
bezta. En ég veit ekkert fremur heldur en aðrir um þetta
og heldur ekki um það, hvort ekki fleiri en Danir vilja
þá hafa tillögurétt í málinu, að minnsta kosti um konungs-
sambandið. Við eигum þess vegna að ljúka málinu tafar-
laust. Margir munu óska eftir að það verði afgreitt á
þinginu í haust. Alþjóðarathvæðagreiðsla fari svo fram
næsta vor og forsetakjörið 17. júní 1944. Ég fyrir mitt
leyti gæti vel sætt mig við, úr því sem komið er, að borið
veri fram slikt frumvarp á haustþinginu, en að frestað
yrði að afgreiða mális, þar til eftir nýárið, þó að því

tilskyldu að allir flokkar gefa alveg skýlausa yfirlysingu um, að þeir séu þá þegar að efni og formi í einu og öllu orðnir ásáttir um málið, en hafi eingöngu frestað því til þess að jafnvel einnig síðasta formlega afgreiðsla Alþingis á því fari ekki fram fyrr en eftir árslok 1943. Ættu þá jafnframt allir flokkar þingsins að skuldbinda sig til þess að afgreiða málið tafarlaust, sem fyrsta mál Alþingis, strax og það kemur saman í febrúarmánuði, eða hvensem, sem það yrði fyrri hluta ársins 1944.

Öll rök hníga að því að Íslendingar eigi tafarlaust að sameinast um að ljúka sjálfstæðismálinu, stíga lokasporið á þá lund, er ég hefi hér greint. Við eigm meðal annars að ljúka málinu vegna þess, að þegar lokasporið er stigið í sjálfstæðisbaráttunni og markinu náð, þá mun það sannast sem fyrr í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar, að hér unninn sigur er nýr aflgjafi, ný lind framtaks og velmegunar og menningar. Og Íslendingar. Nú kannski fremur en nokkru sinni áður þarfum við á öllu okkar að halda.

4.

HEITUSTU ÓSKIR OKKAR OG VONIR ERU
ÍSLENZKT LÝDVELDI OG ALHEIMSFRIDUR

Úr áramót
(Morgunblaðið 31. desember 1943)

Um dýrtíðarmálín hefir verið mikið rætt, en eins og áður segir, ekkert að gagni aðgert.

Ekki þykir ástæða til að rekja hér sögu þeirra mála, heldur skal með sem fæstum orðum vikið að því sem er og því, sem verða mætti.

Svo sem kunnugt er, komst vísitalan hæst haustið 1942 og nam þá um 270 stigum. Var það að sönnu álit manna og þ.á.m. núverandi stjórnar, að kaupgjald í landinu hefði þá náð því hámarki, sem verðlag á útflutningsframleiðsluvörum geti risið undir. Af því leiddi, að ástæðulíftið var að óttast, að auknar kaupkröfur myndu valda frekari hækjun á dýrtíðinni. En þrátt fyrir það, var af öllum talið, að eigi mætti við svo búið standa, og var hin nýja ríkisstjórn, svo sem áður getur, tilkvödd til þess að ráða niðurlögum dýrtíðarinnar og færa með því atvinnulíffið í öruggari farveg.

Begar íslendingar nú, eftir rúnlega árs viðureign stjórnarinnar við dýrtíðina, hafa fremur orðið að láta undan síga, er eðlilegt, að mikið sé rætt um, hverra úrræða beri

að leita, sem að haldi megi koma.

Aðallega tala menn utan þings og innan um tvær leiðir, þá, að halda áfram á þeirri braut, sem nú er gengið á, og kaupa verðlagsvísitöluna niður með fé úr ríkissjóði. Þetta er vilji núverandi ríkisstjórnar.

Hin er, að hætta nú þegar öllum milligreiðslum úr ríkissjóði, láta skeika að sköpuðu um verðlag og sölu landbúnaðaráfurða a.m.k. á innlendum markaði og áhrif þess verðlags á vísitöluna.

Bað er ekki ofmelt, að hvorugur kosturinn sé góður og skal ég víkja stuttlega að þeim hvorum um sig.

Með milligreiðslunum hafa menn fæstað því, sem fram á að koma og keypt sér stundarfrið. Er slikt afsakanlegt, meðan verið er að átta sig á, til hvaða ráða skuli gripið. Lengur ekki. Hugsandi menn gera sér ljóst, að fyrr en varir, mun fjárþróng ríkissjóðs stöðva þing og stjórn á þessum flótta frá staðreyndunum og neyða menn til að horfast í augu við þá örðugleika, sem, án alls efa, eru fyrir stafni. En bað ríður á miklu, að eigi dragist úr hófi, að þjóðin átti sig á, hvar hún lendir, ef hún hefir ekki manndóm til viðnáms í tæka tíð.

Engum blandast hugur um, að þegar ófriðnum er lokið og hinar stríðandi þjóðir geta að nýju snúið sér að því að koma fótunum undir atvinnulíf sitt, mun verðlag á útflutningsvörum Íslendinga þegar í stað hrifðfalla. Er í því

sambandi nauðsynlegt að menn geri sér ljóst, að verðlag á útflutningsvöru okkar hefur frá stríðsbyrjun hsekkað mikið meir en verðlag flestra annara vara. Stafar þetta sumpart af lögmáli framboðs og eftirspurnar, en þó einnig, af því er snertir nokkurn hluta útflutningsvöru okkar, af því að fyrir einstaka góðvild Bandaríkja hefir tekist að tryggja Íslendingum langtum haerra verð en sömu kaupendur hafa greitt öðrum þjóðum fyrir sams konar vöru. En um hið háa verðlag í höfuðútfutningsvöru okkar skal það eitt sagt, að það mun ekki standa deginum lengur eftir að Bretar og aðrar þjóðir að nýju hefja fiskiveiðar að ófriðarloku. Og þá mun verðfallið fyrr en varir verða svo mikið, að óvist er, hvort við fáum meir en 1/5 aða jafnvel 1/10 hluta þess verðs, er við nú berum úr býtum.

Það liggur í augum uppi, að þegar hér er komið sögu tekur gamanið að grána fyrir okkur Íslendingum. Er alveg víst, að við þurfum þá að taka með meiri alvöru og festu á okkar málefnum en við nú gerum, og munum þá iðrast margs þess, er gert hefir verið og ógert látið. Nefni ég þar til m.a. það, að úr því búið er, með hinum háu sköttum, að rýra að verulegu leyti viðnámsþrótt atvinnurekenda til að standast taprekstur, er það höfuðsök að hafa gert þá fjármuni, sem ríkinu þannig hafa áskotnast að eyðislueyri. Ðví fé bar að safna í opinbera sjóði til þess með því að efla aðstöðu hins opinbera til að ynna af hendi nokkurn hluta þess verkefnis, sem að eðlilegum haetti á að hvíla á einkaframtakinu, að tryggja atvinnuálmennings jafnt í stríðu sem bliðu.

Hér skal að öðru leyti ekki farið út í þessa sálma, enda yrði það of langt mál. En það eitt er víst, að enda bött gengið sé út frá, að okkur tækist að halda þannig á málum okkar, að stýrt verði fram hjá versta bölinu,

atvinnuleysinu, þá verður þó aldrei umflúið, að hriðfallandi verðlag framleiðsluvörunnar mun leiða af sér lækkandi atvinnutejur allra stéttu þjóðfélagsins og algert hrún ríkisteknanna.

Þegar svo er komið, mun enginn lengur svo mikið sem orða það, að haldið verði áfram að greiða fé úr ríkissjóði í því skyni, að neytendur fái kjöt og mjólk fyrir lægra verð en bændur selja það fyrir, eða að bændur fái haerra verð fyrir kjöt, ull og gærur en erlendur markaður vill greiða fyrir þessar vörur. En að halda uppi verðlagi á landbúnaðarvörum á innlendum markaði með milljónaframlagi úr ríkissjóði, einmitt meðan kaupgeta almennings er mest, til þess svo að hætta þeim greiðslum þegar í stað, er undan tekur að halla og einmitt í sama mund og kaupgeta neytenda þverr, sýnist vera öfugstreymi. En auk þess hlýtur það að verða bændum hættulegt að byggja búskap sinn á þessum fölsku forsendum.

Það er hægt að hegða sér eins og Lúðvík 15. gerði. En verði sá leikur leikinn of lengi, er mjög hætt við, að fyrir eftirkomendum þessarar stjórnar fari eins og fyrir eftirkomendum Lúðvíks 15., að fallöxi þverrandi getu ríkissjóðs og einstaklings og vaxandi örðugleikar á öllum sviðum atvinnulífsins skilji bol frá höfði, svo að engin stjórn eigi langa lífdaga í því umróti.

Það er því öldungis víst, að enda þótt svo megi fara, að menin neyðist til enn um hrið að halda áfram á þessari feigðargöngu, þá ríður á miklu, að sem fyrst verði snúið við og lagt inn á raunhæfari leiðir í þessu mikla vandamáli.

Hin leiðin, að hætta þegar í stað öllum milligreiðslum og gefa dýrtíðinni lausan tauminn, er einnig miklum vandkvæðum bundin. Ég hygg, að þann dag, sem það verður gert, stökkvi vísitalan viðstöðulaust upp í 290 til 300 stig. Samstundis hækkar allt kaupgjald að sama skapi. Án alls efa mun af því leiða, að mestur hluti framleiðslu útflutningsafurðanna myndi þá hætt að bera sig og því stöðvast í bili. Þá hefst baráttan

um niðurfaerslu kaupgjaldsins. Þeirri braráttu linnir væntanlega ekki fyr en kaupgjaldið lagar sig eftir afurðaverðinu. Dessa baráttu kostar þjóðina vafalaust miklar fjármunafórnir, en hún getur ekki leitt til endanlegrar úrlausnar á vandanum. Síðar, þegar afurðaverðið fellur, hefst sama baráttan á nýjan leik, og geisar þá með því meira æði og því lengur, sem bilið sem brúa þarf staekkar. En það sjá allir, sem eitthvað skyggast fram í tímann, að þau vandkvæði, er nú kunna að skapast við að vísitalan hækkar um 20 til 40 stig, eru aðeins svipur hjá sjón miðað við það, sem verður, þegar hið fyrirsjáanlega og alveg óumflýjanlega hrund á verðlagi útflutningsafurðanna skellur á, að ófriðarlokum. - En sá kostur er þó á, að hefja baráttuna nú þegar, að með því gæfist þjóðinni kostur á því að glöggva sig betur á hvað í varendum er síðar, og væri þá vel tilvinnandi að fórna allmíklum verðmætum nú, meðan þjóðin er þess megnug, ef það mætti verða til þess að forða henni frá margfalt stærri fórum síðar, fórum sem henni yrði ef til vill ella ekki forðað frá að færa einmitt þegar hún fær ekki lengur undir þeim risið.

Er þessi kostur, þó illur sé, því síst verri en Lúðvíks 15. aðferðin.

Vöxtur vísitolunnar stafar að langsamlega mestu af kapp-hlaupinu milli kaupgjalds og afurðaverðs. Til þess að lækka dúrtíðina er eitt og aðeins eitt ráð, það er að stíga nú að einhverju leyti aftua á bak hina fórnú leið. Verði það ekki gert, daga Íslendingar uppi eins og nátröll strax og aðrar þjóðir mega vera að því að hugsa um að framleiða sjálfar þarfir sínar að nýju, beinlinnis vegna þess, að Íslendingar búa við langtum hærri framleiðslukostnað en aðrar þjóðir, og geta því við engan keppt um sölu afurðanna á frjálsum heimsmarkaði.

Dað sem ef til vill veldur mestum örðugleikum í þessum efnum er, að fjöldi manna, og ekki síst í fjölmennustu stéttum þjóðfélagsins, vill blátt áfram ekki, að dýrtíðin lækki. – Að sönnu bölsótast allir yfir haekkandi visitölu og deila á alla, sem þeir geta til náð, og telja að haegt sé að gera ábyrga. En þegar svo á að hætta að veita þessum mönnum þann að mestu leyti ímyndaðan stundarhagnað, sem þeim hefir dropið vegna sívaxandi dýrtíðar og verðbólgu í landinu, þá verða þeir sefir og vilja umfram allt halda dauðahaldi í sinn eigin skerf en sækja því fastar, að aðrir sleppi sínu.

Dað er alveg víst að þetta myndi breytast, ef almenningur öðlaðist sanna og raunhæfa þekkingu á allri málefnaðstöðunni. – Með því myndi honum skiljast, að mörgu og litlu krónurnar eru a.m.k. mörgum ekkert meira virði en færri krónur og staerri. Dá myndu menn sjá, að með því að berjast gegn dýrtíðinni, auka þeir og margfalda verðmæti þess, sem þeir nú hafa eignast, í stað þess að tefla því í hættu eða jafnvel ónýta það með rénandi verðgildi peninganna. Og það, sem skiftir mestu er, að þjóðin myndi þá gera sér grein fyrir þeim vandræðum, að ég ekki segi hörmungum, sem hennar biða, ef hún reyndist allsendis ófús á að gera í tæka tíð hjá sér þær lagfæringar, sem nauðsynlegar eru til þess að íslendingar geti að striðslokum keppt við aðrar þjóðir, þ.e.a.s., að lækka allan framleiðslukostnað.

Í þessum efnum getur enginn annar aðili en Alþingi haft þá forystu, sem með þarf og að haldi kemur. En þetta er á meðfaeri Alþingis, ef það vill takast vandann á hendur.

Þegar ríkisstjórn Sjálfstæðisflokkssins sá, að hún réði ekki við vöxt dýrtíðarinnar, gerði hún þá alveg sjálfsögðu skyldu sína að beiðast lausnar. Jafnframt lagði hún til, að reynt yrði að mynda fjögra flokka stjórn til að fast við

pá örðugleika. Enn bendum við Sjálfstæðismenn á þessa leið, helst á allra flokka stjórm, en á.m.k. á sterka þingræðisstjórn, sem hefir að baki sér einbeittan þing vilja. Ef slik stjórn nær innbyrðis samkomulagi mundu þingflokkar hennar fylgja henni. Ef Alþingi sættist á leiðirnar, mun þjóðin ekki mögla.

Betta er úrræðið. Sterk stjórn, sem ræðst í að skera niður dýrtíðina með lækkun kaupgjalds og afurðaverðs. Jafnframt séu gerðar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar teljast til þess að ekki sé frekar gengið á hagsmuni eins þjóðfélagsþegns en annars, og tel ég að í því skyni einu geti komið til mála að leggja í eitt skifti aukaskatt á eignir manna.

Það er engum vafa undirorpið, að íslendingum er það óumflýjanleg nauðsyn að ekki verði látið standa við orðin ein í þessum efnunum, heldur verði þeim fylgt á eftir með einbeittum athöfnum. En hitt er jafnvist, að það væri höfuð firra að láta sér ~~á~~dettaáfihug að með þessum aðgerðum einum takist að leysa allan vandann. Samstarf á sviði stjórnsmálanna m.a. í því skyni að ráða niðurlögum dýrtíðarinnar, er aðeins grunnurinn. Eftir er svo að byggja húsið, að skapa þjóðinni nýja afkomumöguleika, ný lífsskilyrði. Fortíðin er liðin og kemur aldrei aftur. Framundan er nýr heimur, nýrra síða og hátta. Af öllum viðfangsefnum atvinnulífsins er það langsamlega veigamest, að tafarlaust sé hafið undirbúningur að því að nema land íslendingum til handa í þessum heimi framtíðarinnar. Við verðum að gera okkur ljóst allt sem kringum okkur gerist, og við verðum að viðhafa þann hraða í orðum og athöfn, sem nauðsynlegur

er til þess að íslendingar geti haldið áfram að lifa menningarlifi sjálfstæðrar þjóðar, þegar launin verða okkur úthlutuð eftir því einu, hvert gildi það hefir fyrir aðra, er við erum færir um að leggja af mörkum.

Íslendingar hafa mörg skilyrði til þess að horfa vonglöðum augum fram á veginn. Við eיגum ríkar auðlindir og erum ennþá atorkusöm og þrekmikil þjóð og okkur hafa borist upp í hendurnar þeir fjármunir, sem nauðsynlegir eru til þess að setja bú okkar að nýju.

En við megum engu gleyma og ekkert afreakja né vanrekja. Við verðum að vera viðbúnir að hagnýta hina nýju tækni og reiðubúnir til að gera þær breytingar á framleiðsluháttum þjóðarinnar, sem hið nýja viðhorf kann að krefjast.

Verði okkur fótaskortur á þessari braut, gæti af því leitt, að við yrðum of seinir til mótsins. Metti þá svo fama, að aðrir hefðu sest í okkar sess, tekið á sig þær byrðar, sem við erum fúsir að bera og með því öðlast þau réttindi, sem við með engu móti megum án vera.

Sjálfstæðismálínus hefir miðað áfram í rétta átt. Að sönnu hafa orðið á veginum hindranir, sem enginn átti von á og undrun smeta. Enginn verður það þó farartálmi og munu nú flestir telja málínus borgið.

Hið síðasta og merkasta, sem skeð hefir í sjálfstæðismálínus á þessu ári, er yfirlýsing sú, sem þrír stærstu þingflokkarnir gáfu út 1. desember síðastliðinn í samráði við ríkisstjórnina um "að stofna lýðveldi á Íslandi eigi síðar en 17. júní 1944", og ákváðu þessir flokkar, að þing yrði kvatt saman hinn 10. janúar næstkomandi til þess að afgreiða lýðveldisstjórnarskrána.

Með þessari sameiginlegu yfirlýsingu 45 þingmanna af 52, studdri af ríkisstjórninni og í samræmi við óskir enn fleiri þingmanna, eru örlög málsins ákveðin. Verður því íslenzkt lýðveldi endurreist og forseti kosinn hinn 17. júní næstkomandi, nema fyrr verði.

Sem kunnugt er, hefir stjórnarskrárnefnd kosin af Alþingi setið á rökstólum og fjallað um þetta mál frá því vorið 1942. Varð í öllum aðalatriðum samkomulag í nefndinni um afgreiðslu þess. Gaf nefndin út álit hinn 7. apríl síðastliðinn og segir þar:

"Til gildistöku þessara stjórnskipunarlagas kom nefndin sér saman um að leggja til, að valinn yrði 17. júní 1944, og ber til þess þeði það, að hallkvæmt hefir þótt að láta eigi formleg sambandsslit við Danmörku taka gildi fyrr en eftir lok yfirstandandi árs (1943), og eins hitt, að þessi dagur þykir Íslendingum flestum ágætastur sökum sögulegra minninga í frelsisbaráttu þjóðarinnar.

Til tals gæti þó komið, að ákvæði um gildistöku fyrr yrði einnig skeytt inn í frumvarpið, ef brýna nauðsyn þetti til þess að bera að dómi Alþingis".

Undir þetta rituðu umboðsmenn allra þingflokkanna, þ.á.m. þeir Steffán Jóhann Stefánsson og Haraldur Guðmundsson.

Var nú að vonum talið að tryggt væri, að allir flokkar stæðu saman að afgreiðslu málsins, og fögnuðu því allir Íslendingar undantekningar lítið.

Hér skal ekki rædd hin óheillavænlega stefnubreyting Alþýðufloksins í málinu, en það eitt sagt, að jafn

óskiljanlegt er, að Alþýðuflokkurinn skyldi binda sig með framangreindri undirskrift, ef hann stælaði sér að bregðast, sem hitt, að hann skyldi bregðast, úr því hann batt sig með undirskriftinni.

Ekki þykir heldur ástæða til að fjölyrða um afskifti einstakra utanþm. af lýðveldisstofnuninni. Auðskilið er, að menn geti greint á um súlik mál og þá að sjálfsögðu eðlilegt, að reynt sé að hafa áhrif á réttan aðila, þ.e.a.s. Alþingi í samræmi við þessar skoðanir, óskir og vilja. En hitt eru furðuleg tifindi, að örfáir menn, sem ekkert sérstakt hafa umfram aðra til brunns að bera til úrslita áhrifa á þetta mál, skuli stæla sér að setja Alþingi úrslitakostina að viðlagðri virkri baráttu gegn stærsta velferðarmáli komandi kynslóða á Íslandi. Og allra kynlegust verður þessi framkoma, þegar þess er gætt, að það sem þessir menn gera ða ágreiningsefni, skiptir að því leyti engu máli, að með nákvæmlega sömu rökum yrði hegt að staðhæfa að íslendingar hefðu ekki fylgt bókstaf sambandslaganna - en það hefir lengst af virst keppikefli þessara manna - hvort heldur sem Alþingi færí að óskum þeirra eða virti þær að vettugu og færí sínu fram eins og nú er ákveðið. Þetta sannaði m.a. Einar Arnórsson dómsmálaráðherra, í hinni einkar glöggju og greinargóðu ræðu er hann flutti í útvarpið 1. desember síðastliðinn.

Því verður aldrei trúð um suma þessara manna, að þeir ljái sig til baráttu gegn þjóðfrelsiunum á örlagastundinni. Og því verður heldur aldrei trúð, að á nokkurs manns færí sé að rugla svo dómgreind almennings, að til stórvandréða geti orðið. Allir se, eitthvað þekkja til íslenskrar stjórnmálabaráttu vita, að flokksríki er ekkert minna hér en í nágrannalöndunum. Það er því ekki aðeins líklegt, heldur algjörlega óyggjandi vissa,

að það mál, sem þrír stærstu flokkarnir, studdir af ríkisstjórninni, hafa tekið upp á sína amma og heitið að bera fram til sigurs, það sigrar. Og ekki síst þegar þetta mál er sjálft frelsismálið, einmitt það málið, sem þjóðin í heild hefir þráð heitast að sjá leitt til farsælla lykta.

Af þessu léiðir, að þegar til þjóðaratkvæðis kemur, mun einnig sá, sem er andvígur þingviljanum, staðfesta hann með atkvæði sínu. Á þeirri stundu munu menn skilja að örlög málssins eru að því leyti ákveðin, að meiri hlutþáviliðinn getur ekki fallið nema á einn veg. Hann samþykkir að stofna lýðveldið og lýðveldið verður stofnað. Hin einu áhrif þessara kjósenda verða því í rauninni þau, hvort þeir með atkvæði sínum vilja styrkja eða veikja hinn íslenska málstað út á við, hvort þeir vilja sýna umheiminum samtaka þjóð eða mynd af smáþjóð, sem með meir en 1000 ára samfelldri frelsisbaráttu tókst að sannfæra sjálfa sig og aðra um það, að þrátt fyrir innri ágreining og margvislega misklið, stæði hún þó einhuga að frelsisbaráttunni, en sem þó brást á örlagastundinni og sundraðist.

Degar tími hefir unnist til þess að skýra þetta fyrir þjóðinni, má treysta því, að íslendingseðlið verði öllu öðru yfirsterkara við þjóðaratkvæðagreiðsluna.

Það er því ekki aðeins vonlaust verk að berjast gegn hinum íslenska málstað. Það er einnig allt of aumt hlutskifti nokkrum íslendingi til handa.

Við íslendingar meðum vonaraugum fram á nýja árið.

Allar heitustu óskir okkar og vonir felum við í

bessum orðum: **Íslenskt lýðveldi. Alheimsfriður.**

5.

KJÖRORD HINS ÍSLENSKA LYÐS ER:
MANNHELGI.

veldis

íslendingar, sér erum komnir heim. Vér erum fggjáls
þjóð.

Degar vér lítum yfir farinn veg, minnumst vér með virðingu
og þakklæti afreka einstakra manna og langrar og pol-
góðrar baráttu þjóðarinnar allrar.

Erfiði og hugraunir aldalangrar frelsisbaráttu, strit
og þrekraunir hins nýja landnáms til sjávar og sveita,
hverfa í dag sem dögg fyrir sólu í fögnumi yfir sigrinum,
sem nú renna sem stoðir undar höll frelsis og fullveldis.

Vér erum og í dag glaðir og þakklátir fyrir bað, hversu
giftusamlega hefir úr ráðist hin síðustu árin. Eftir
langa baráttu tókst íslendingum loks fyrir aldarfjórðungi
að tryggja sér rétt til fullra yfirráða allra málefna
sinna á þessu ári. Þann rétt hafa íslendingar frá
öndverðu verið staðráðnir í að notfara sér. En þegar
óskastundin nálgaðist, réið hin ógulega holskefla yfir.
Á þeirri stundu vissi enginn örlög nokkurrar þjóðar.
Engu síður en aðrir máttum vér íslendingar óttast, að

blóðbað heimstyrjandarinnar myndi fímsöa yfir heitstu vonir vorar
vonir vorar og helgustu hugsjónir. En fram að þessu
hefir allt snúizt oss í hag, svo að vart hefir nokkru
sinni fyrr verið bjartara yfir framtíð þessa lands
en einmitt í dag, ef sjálfskaparvítin verða oss
eigi að grandi.

Meðan barizt er um örlög heimsins, höfum vér notið
frelsis til þess að setja oss lög að eigin vild, og
þannig getað hagnýtt oss þann rétt, er vér höfum
tryggt oss til fullra umráða yfir öllum málefnum
vorum, og endurreist hið íslenzka lýðveldi. Og lok
hefir svo hvert ríkið eftir annað og meðal þeirra
voldugustu stórveldi heimsins hraðað sér að veita
oss þá viðurkenningu, sem éss er svo dýrmæt.

G1

Gleði vor er því einlæg og djúp og þakklæti vort
á séð engin takmörk.

Í gær komu saman á Þingvöllum meira en tveir tugir
þúsunda íslendinga. Lengi höfum vér óskað þess
innilega að mega einmitt á þessari stundu hugfangnir
horfa á fegurð fjallasala, heiðbláma jöklanna, djúp-
bláma vatnsins, margbreytni hinnar storknuðu hraunöldu
og gróður vorsins, baða sig í geislum sumarsólar. En
nú var súld og regn. Þau vonbrigði lét þó enginn á
sig fá, því að nú voru miklir viðburðir í vændum.

Í hugum vorum vakti minningin um stærstu og merkustu
atburði í lífi þjóðarinnar. - A þessum fornhelga stað
var íslenzkt ríki stofnsett og hingað hafði þjóðin
leitað á örlagastundum æfi sinnar. Og enn átti að
skrifa merkan, ef til vill merkasta kapítulann, sem
skráður hefir verið á bókfell íselnzkrar sögu.

Við Snorrasþúð sat Alþingi íslendinga, en á Lögbergi beið um fimm tungur þjóðarinnar. Nú logaði við himinn sá eldur, sem brennur í hverju íslenzku hjarta og mun aldrei slokkna, meðan íslendingar unna frelsinu og sínu sviptigna föðurlandi.

Aðeins örstutt stund skildi oss frá fyrirheitna landinu. - Óþreyjan óx með hverri minútunni. Loks reis forseti sameinaðs Alþingis úr sæti sínu. Með einni setningu, meðtri í umboði Alþingis samkvæmt ósk og vilja þjóðarinnar, rættist aldalangur draumur hennar.

Hið íslenzka lýðveldi var endurreist.

Í heilögum gögnum titraði hvert íslenzkt hjarta, og margar hétar óskir og böenir fylgdu hinu unga lýðveldi inn á framtíðarbrautina.

Í dag stöndum vér í Ingólfssbæ, miðstöð íslenzkrar menningar og athafnalífs.

Nú fremur en nokkru sinni fyrr ber oss að sannprófa sjálfa oss, og gera oss ljóst, hvað biður vor, og hvers vér erum megnugir.

Skömmu fyrir síðustu aldamót kvað sá skálda vorra, sem mesta hafði karlmannslund, stærstar og sannastar draumsýnir:

"Land mitt! Þú ert sem órættur draumur, óráðin gáta, fyrirheit".

- Órættur draumur. - Óráðin gáta. - Fyrirheit. Allt má þetta að vísu til sanns vegar ferra enn þann dag í dag.

En þó hafa íslendingar frá því að bessi orð voru töluð valið sér fangbrögð við starri og flóknari viðfangsefni en forfeðurnir kynntust. Óss hefir farist það vel úr hendi. Án þeirra fjármuna, er þannig hefir verið aflað, myndum vér eigi geta haldið uppi sjálfstæðu menningarríki.

Hér í Ingólfssæ meða auganu mikil hafnarmannvirki, mílur gatna og margar ekrur vandaðra nýtizkuhúsa. Afl fossins faerir birtu innaná hvert heimili, en eimur úr iðrum jarðar yllinn. Á fáum áratugum hefir litlu þorpi verið breytt í nýtizku borg.

Allt vitnar um þá baráttu fyrir daglegu brauði, sem hér hefir verið háð, og minnir á skyldurnar, sem framundan eru.

Óss er vel ljóst, að aldrei hefir meiri vandi beðið vor né jafn mikið verið í húfi. - En vér kvíðum þó engu. Vér vitum vel, að saga vor er ekki fyrst og fremst sigrar, heldur baráttu og brautir. Með festu og alvöru viljum vér enn takast á hendur ábyrgðina og þar með erfiðið, sem fram undan er. - Vér minnumst þess, að með hverjum nýjum sigri í sjálfstæðisbaráttunni hefur þjóðinni vaxið þrek og djörfung og tveystum því, að sú muni reunin enn verða. Og vér vonum að bera gæfu til að eyða miskliðinni og skipa óss sem allra flestir í lífvarðarsveit hins unga íslenzka lýðveldis.

Þá mun blessun fylgja óss í starfinu.

Íslendingar óska þess að mega liga í friði við aðra. Hestu skiptir þó að vér séum eigi sjálfum óss sundurþykkir. Vér vonum, að þótt vér séum fáir og lítiðs

megnugir, megi oss takast að skapa réttan skilning á högum vorum og samúð með baráttu vorri og hugsjónum. - Dá mun oss auðnast að tryggja oss þann sess í heimi framtíðarinnar, sem vér þörfnumst og teljum oss hæfa til að skipa.

Kjörorð hins íslenzka lýðveldis er: Mannhelgi. Hugsjón þess, að hér búi um alla framtíð frjáls og öllum óháð menningarpjóð, aðlega og efnalega frjálsir og hamongjusamir menn.

Þeirri hugsjón viljum vér allir þjóna.

Drottinn, lát strauma af lífssólar ljósi
læsast í farveg um hjartanna þel.
Varna þú byljum frá ólánsins ósi.
Unn oss að vitkast og proskast.
Gef heill, sem er sterkari en hel.

Ræða á lýðveldishátið í Reykjavík 18. júní 1944.

6.

A SLÍKUM DÖGUM Á ÍSLAND EINA SÁL.

Hinn 10. janúar kom Alþingi saman. Allra augu mændu til þess. Þess biðu stórr verkefni og göfuf. Um skeið horfði óvénlega. Hinn forni gjandi, sundrung og flokka-drættir, sótti fast á. Að lokum varð þó gifta íslendinga enn sigursæl. Eftir nær fimm vikna þóf tókst hinn 12. febrúar að koma á allsherjarsættum í sjálfstæðis-málínu. Og nú hóf Alþingi sjálft sig til vegs og virðingar. Það uppfyllti allar vonir og éskir bjóðarinnar. Einhuga felldi það niður sambandslagasáttmálann og setti jafnframt hinu endurreista lýðveldi ný stjórnskipunarlög, og var gildistaka hennar tilkynnt á Dingvöllum hinn 17. júní, svo sem alþjóð er kunnugt.

Allt þetta gerði hið sjálfu sér sundurþykka Alþingi íslendinga einhuga og einróma, sjálfu sér til sóma og bjóðinni til farsældar og forðamis.

Og nú kom til kastakjósendanna.

Hafi nokkur efast um, hvers bjóðin krafðist af Alþingi í lokabætti sjálfstæðisbaráttunnar eða verið í vafa um, hver áhrif sú eining, er á Alþingi náðist í málínu, hafði á baráttuhug bjóðarinnar og einbeitni viljans, þá fékk hann skýr svör dagana 20. - 23. maí, þegar bjóðaratkvæðagreiðslan um sambandsslitin og lýðveldisstjórnarskrána fór fram.

Aldrei fyrr hefir nokkur lýðfrjáls þjóð sýnt hlutfallslega jafnmikla þáttöku í þjóðaratzkvæðagreiðslu né verið jafn einhuga.

Heilir hreppar, heðlar sýslur, skiliuðu hverju einasta atkvæði. Og öll þessi atkvæði töluðu einum rómi.

Eftir það gat enginn vefengt vilja Íslendinga.

Deir vildu skilja við Dani. - Deir vildu stofnsetja lýðveldi. Deir vildu betta að heita mátti undantekningarálaust allir. - Gildi þess úrskurðar þjóðarinnar verður aldrei ofmetin.

Og nú rann upp hin ógleymanlega stund, er mun vaka í hugum allra Íslendinga, er hana lifðu.

Ekki mölur og ekki ryð fær grandað endurminningunum, sem Íslendingar eignuðust dagana 17. og 18. júní.

Deir, sem dvöldu hinn fyrri daginn á hinum fornhelga stað þjóðarinnar, en hinn síðari í höfuðstað landsins munu segja börnum sínum og barnabörnum frá þeirri hrifningu, er þá fyllti hvert íslenzkt hjarta. Deir munu lýsa viðburðunum eins og þeir skeðu. Á það mun alltaf hlýtt frá manni til manns um langan aldur. - En einnig hinir, sem þá dvöldu í fámenni eða í skauti íslenzkrar náttúru, og margir aðrir, er aðeins fengu litið fósturjörðina í hugsýn, hafa líka sína sögu að segja, hvorki ómerkari né óeinlæglegri. Á slíkum dögum á Ísland eina sál.

Eru allir þessir atburðir skráðir óafmáanlegu letri í huga þjóðarinnar og því óþarf að rekja þá, svo skammt

sem um er liðið frá því að þeir skeðu. En fögnumur þjóðarinnar og raunhæfur vinningur mun endast meðan íslenzk tunga er töluð á gamla Fróni. Séu þeir allir blesaðir, sem að þeim sigri unnu að fornu og nýju.

Sá skuggi hvíldi yfir endurreisin lýðveldisins að Alþingi hafði brugðist frumskyldu sinni, að mynda þigræðisstjórn í landinu. Hafði þó, svo sem nú er kunnugt, mikið verið til þess reynt og síðast dagana fyrir endurreisin lýðveldisins. Dró þetta nokkuð úr fögnumargra yfir endurheimt fulls frelsis og þótti illu spá um framtíð hins unga lýðveldis. Var það að vonum, svo augljóst sem öllum var orðið, að ef áfram héldist stjórnleysisglundroði og óreiða, voru til þess lítil líkindi, að Íslendingum héldist lengi á fengnu frelsi.

Bárust nú böndin æ fastar að Alþingi. Með hverjum deginum sem leið hafði vonarneistinn um að hin óþingræðislega stjórn væri nokkurs megnug, dofnad, en að sama skapi urðu þær raddir fleiri og háverari er kröfðust þess, að Alþingi gerði skyldursíða. Og út af flóði eftir að þjóðin hafði endurheimt fullt frelsi og endurreist lýðveldið.

Kom nú æ betur í ljós, hversu annt þjóðinni var um sína elstu og virðulegustu stofnun, löggjafarþingið, og hversu sárt mörgum sveið málleysi þess og niðurhlæging. Að vísu heyrðust einstaka illgjarnar, hjáróma raddir, sem glöddust af óvirðingu Alþingis. Mátti þar helst kenna ýmsa þá, er lengst höfðu þráð og heitast að sleppa inn um anddyri Alþingishússins, en ekki hafði lánast að fá aðra til að skilja mikilvægi þess og því aldrei megnad að komast á þing, eð hina, sem í einfaldni sinni töldu sig auka veg hinnar óþingræðislegu stjórnar með því að ófrægja Alþingi eftir fyllstu getu. En yfirleitt voru umvandanir þjóðarinnar góðgjarnar, þótt þær væru háverar án afláts og einbeittar.

Ekki gat hjá því farið, að flestir eða allir alþingismenn gerðu sér ljóst, að nú var komið í eindaga. Nú voru seinustu forvöðum bjarga virðingu Alþingis með myndun þingræðissstjórnar, er gripi fasti í taumana og legði inn á nýjar brautir.

Fyrir því var nú enn hafist handa í júlímanuði síðasti liðnum og ekki hægður róðurinn fyrr en hinn 21. október, að Alþingi tókst að hrinda ámelinu með myndun hinnar fyrstu þingræðissstjórnar hins endurreista lýðveldis.

Hefir því átaki Alþingis út af fyrir sig verið fagnað af alþjóð manna, og þykir mega fullyrða, að skipun óþengraðislegrar stjórnar verði eigi til fordæmis heldur viti, sem reynt verði að varast meðan auðið er.

Nýsköpun sú, er nú mun hefjast, hefir um nokkurt skeið verið hugsuð og rædd í herbúðum Sjálfstæðismanna. Hún var rædd á síðasta landsfundi Sjálfstæðismanna, er hófst 17. júní 1943. Hinni pólitísku yfirlitsræðu, er formaður flokksins flutti á þeim fundi lauk hann með því að nefna þau þrjú höfuðatriði, er Sjálfstæðisflokkurinn teldi meðtu varða að stefnt yrði að í náinni framtíð, en þau voru endurreishn lýðveldisins eigi síðar en 17. júní 1944, þjóðleg eining og nýsköpun á öllum sviðum þjóðlífssins.

Um síðustu áramót var nýsköpunin komin það áleiðis meðal Sjálfstæðismanna, að í áramótagrein þeirri, er þá birtist hér í blaðinu, telur flokkurinn nýsköpunina höfuðviðfangsefnið. Þar segir meðal annars:

"Af öllum viðfangsefnum er það langsamlega veigamest, að tafarlaust sé hafinn undirbúningur að því að nema land íslendingum til handa í þessum heimi framtíðarinnar.

Við verðum að gera okkur ljóst allt, sem umhverfis okkur gerist, og við verðum að viðhafa þann hraða í orðum og athöfnum, sem nauðsynlegur er til þess að íslendingar geti haldið áfram að lífa menningarlífí sjálfstæðrar þjóðar.

Íslendingar hafa mörg skilyrði til þess að horfa vonglöðum augum fram á veginn. Við eigm ríkar auðlindir og eru ennþá atorkusöm og þróttmikil þjóð, og okkur hafa borist upp í hendurnar þeir fjármunir, sem naðsynlegir eru til þess að setja bú okkar að nýju".

Nýsköpunin er því ekki aðeins nýtt, heldur og gamalt áhugamál Sjálfstæðisfloksins. Til hennar er stofnað að vilja Sjálfstæðismanna að vel yfirveguðu ráði. Og hún verður nú framkvæmd, hvað sem kveður í víli og voli, þróngsýni, svartsýni og afturhaldi, öfund og úlfúð að svo miklu leyti sem stendur í valdi lögmætra íslenzkra stjórnvalda, Alþingis og ríkisstjórnar.

Úr Áramót, Morgunblaðið 31.12. 1944.

6. A.

ALÞINGI ÍSLENDINGA SKILDI SINN VITJUNARTÍMA Á ELLEFTU STUNDU.

Dað kveður stundum við, að ógæfu íslendinga verði allt að vopni. Lokabáttur sjálfstæðisbaráttunnar staðfestir betta ekki. Ðvert á móti sýndi hann, að þegar mest reið á, réðist bezt úr fyrir hamingju Íslands. Óglæsilegri ramma getur varla um fagra helgimynd en pólitískra ástandið á Íslandi við endurreisin lýðveldisins. Eigi aðeins hafði Alþingi þeirrar þjóðar, er í nafni þingræðis og lýðræðis krafðist endurheimt til fulls, forns frelsis, leyst sjálft sig upp í innbyrðis fjandsamlega flokka ó stað þess að sameinast sem einn maður um sjálfstæðismálið, heldur reis og úlfúðin svo hátt, að þingið sveik sína helgustu skyldu um myndun þingræðisstjórnar. Og eigi aðeins sat þessi árin óþingræðisleg utanþingsstjórn að völdum, heldur skipaði forseti hennar maður, sem brátt fyrir vammlegysi og heiðarleik í hvívetna, þó hafði sýnt áhugaleysi fyrir endurreisen lýðveldisins, aðeins fáum dögum áður en hann tók við stjórnartaumunum. Ofan á þetta bestist svo, að kunnir utanþingsmenn börüst gegn málínu, og jafnvel sjálft Alþingi lét sundurþykkjuna ná einnig til sjálfstæðismálsins, og logaði þé undir meir en upp úr gaus.

Við þessar ytri aðstæður átti hinn nýji frelsisdagur að renna, eða í þeim að byrgjast um ófyrirsjáanlega framtíð.

Dannig stóðu sakir, þegar Alþingi íslendinga allt í einu á eł elleftu stundu skildi sinn vitjunartíma, felldi niður allan ágreining, tók höndum saman um lausn málsins og hóf með því sjálft sig úr dýpstu niðurlægingu til fyllstu virðingar.

Og þjóðin lét ekki á sér standa, heldur fylgdi nú svo fast á eftir, að þess munu engin dæmi í lýðfrjálsu landi.

Allt er betta meira ámregjuefni en orð fá lýst. Íslendingum tókst á síðustu stundu að sanna, að þeir setja frelsið ofar öllu öðru. Þeir sýndu að enda þótt þeir séu sjálfum sér sundurþykkir um allt annað, stóð þjóðin nær sem einn maður um frelsi sitt. Á þennan glæsileik fellur enginn skuggi, þótt vitað sé, að einstaka áhrifamenn reyndu ekki að leiða þjóðina til sigurs, heldur létu sjálfir berast þangað á vængjum hins sterka og óbiluga þjóðarvilja og áhuga.

Séu íslendingar með nokkrum haetti megnugir að sanna umheiminum áhuga sinn og rétt til fulls frelsis og sjálfstæðis, þá gerðu þeir það með einingu Alþingis í sjálfstæðismálinu og hinni eindæma jákvæðu þáttöku sjálfrar þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslunni. Fyrir það eru úrslitin eigi aðeins glæsileg heldur og gagnleg. Hitt þurgti aldrei að efa, að á Alþingi og með þjóðinni væri alltaf nægur meirihluti til að tryggja framgang málsins.

7.

ÉG DAKKA ÖLLUM, ER UNNIÐ HAFA AD
FRELSI OG SJÁLFSTÄDI ÍSLANDS.

Háttvirtu tilheywendur.

Á þessari stundu er mér, eins og flestum íslendingum, þakklætið efst í huga, - þakklæti til allra þeirra, sem fyrr eða síðar, beint eða óbeint, í orði eða athöfn hafa unnið að frelsi og sjálfstæði íslenzku þjóðarinnar.

Á árinu sem nú er að enda, rættist stærsta draumsjón íslendinga. Endurreisnar lýðveldisins á Dingvöllum 17. júní mun minnst með hátiðleik og fögnumi meðan íslenzkt mál er fólt.

Sú kynslóð er nú byggir Ísland, mun um ókomnar aldir verða talin öfundsverð. - Við fengum að lifa óskastundina. Eigi aðeins uppskárum við ávöxt af margra alda þolgóðri baráttu forfeðranna, heldur eignum við okkar bátt í því að sigur hefur unnist.

Það eru feður okkar og við, sem hið nýja landnám hófu í atvinnu- og fjármálarífi þjóðarinnar. Án þess fjár, er þannig var fært í búið, hefðum við hvorki krafist fulls frelsats né fengið það, og heldur ekki risið undir kostnaði við að halda hér uppi frjálsu menningarríki, þótt í boði hefði verið að stofnsetja það.

Það erum við, sem ákvæðanir tókum um úrslitabaráttuna, og sem á örlagastundinni bárum gæfu til að sameinast nær einróma um kröfur okkar og óskir. Má að sönnu vera, að mörgum þyki það lítið afrek. En þó er óvist að önnur séu meiri í frelsisbaráttunni, enda satt best að segja, að mjóu munaði að ver taekist til.

Dykir ekki ástæða til að rekja þá sögu. En það tvennt skal sagt, að enn myndi ekki búið að endurreisa hið íslenzka lýðveldi, ef forustan í málinu hefði nokkru sinni látið hinn allra minnsta bilbug á sér finna og hitt, að hefðum við hikað nú, þegar færi gafst, er með öllu óvist, að það hefði boðist öðru sinni.

Detta er fortíðin - sagan. Nýr dagur er runninn. Ný hugsjón er vakin. Framundan bíða hin mörgu óleystu verkefni.

Við íslendingar vitum, hvað það er sem við viljum, -
hvert við stefnum.

Við þráum að fá stofnsett hér lítið fyrirmundarríki, þar sem ein lög ganga yfir alla, þar sem allir sem vilja vinna, fá brauð, þar sem ríkið tryggir afkomu þeirra, er af ósjálfráðum ástæðum verða undir í lífsbaráttunni, þar sem

"um alla framtíð býr öllum óhað menningarábjóð, andlega og efnalega frjálsir og hamingjusamir menn".

Pennan ásetning og einlæga vilja höfum við staðfest með samstarfi andstæðra afla, er í einni fylkingu leitast við að sekja fram að þessu marki.

En tekst okkur þetta? Þannig spyrja nú Íslendingar. Og þannig spyrja þeir, sem til okkar þekkja og á okkur horfa.

Við skulum á þessum merku tímamótum staldra við og athuga hvar við erum á vegi staddir.

Líkur benda til, að brátt styttist nú dvöl hins fjölmenna erlenda setuliðs á Íslandi. Þegar litast er um í þjóðlíf Íslendinga, verður að játa að viða gretir áhrifa og eigi allsstaðar til góðs. Hitt er þó víst, að þegar á allt er litið, höfum við fullkomna ástæðu til að miklast af því, hversu okkur hefur tekist að vernda þjóðarsálina. Í alðaraðir höfum við búið hér einangraðir. Lengst af hafa fáir sótt okkur heim, en til frama verið talið að fara út fyrir landsteinana.

Allt í einu verður Ísland miðstöð hernaðaraðgerða. Hingað streyma margar tugþúsundir erlendra sœskumanna, er hér taka bólfestu árum saman, svo að viða gretir þeirra meira en landsmanna sjálfra. Festar þjóðir hefðu komist lítt meiddar frá slíku. Hversu lítt sér á eftir dvöl setuliðsins hér á landi, eigum við Íslendingar að þakka tungu okkar, sögu, bókmenni, sterkri þjóðerniskennd og mergrunninni sjálfstæðisþrá, og því, að svo lánlega tókst til, að einmitt þessi árin greip sú hrifning huga sœkulýðsins, er leiddi til hinnar miklu þjóðlegu einingar um lokapáttinn í endurreisin hins íslenzka lýðveldis.

Þá var og þess eigi að vænta, að þjóð, er jafnlengi hafði búið við fátækt sem við, kynni fótum sínum fullkomlega forráð, þegar henni bárust jafnmiklir og óvæntir fjármunir. Eigi aðeins hefir nér öll útflutningsvara Íslendinga margfaldast í verði á fáum árum, heldur hefir og setulið boðið hátt verð i vinnu margra Íslendinga. Myndi vart nokkur þjóð, er slík fjáralda hefði yfirriðið, hafa haldið venjum sínum og háttum í skorðum, og er eigi fyrir að synja, að í mörgu hefir hrikt og um margt losnað i þjóðlifi Íslendinga hin síðustu árin, eigi síst á sviði atvinnu- og fjármálalífsins. En einnig í .eim efnum höfum við stýrt fram hjá verstu skerjunum. — Við miklumst ekki yfir hinum nýju fjármunum heldur gleðjumst. Okkurrer vel ljóst, að það happ snýst til ills eða góðs eftir því hvennig á er haldið. — Við vitum að á Íslandi verða allir að neyta krafta sinna ef vel á að vera, og við erum ráðnir í því að láta ekki skjótfengin auðæfi draga úr þróttinum til átaka í lífsbaráttunni.

Að öllu athuguðu, held ég því, að fram að þessu höfum við Íslendingar furðanlega staðist prófraunirnar. En vera má að enn sé það Þamundan, sem verst er við að fást.

Hér í landinu ríkir nú allmikil dýrtíð, þótt sumsstaðar annarsstaðar sé hún jafnvel margfalt meiri. Sennilegt er að þetta skapi okkur nokkur vandkvæði sem þó munu leysast, þegar þau koma í ljós, á lengri eða skemmri tíma, eftir því hversu skynsamlega við förum að ráði okkar. En hér hefir einnig orðið gerbylting í framleiðsluháttum þjóðarinnar. Fyrir ófriðinn var saltfiskurinn aðal útflutningsvara landsmanna. Hin síðari árin gétir hans sama og ekki. Þess í stað hefir komið ísfiskur og hraðfrystur fiskur, auk edlilegrar aukningar síldarafurða. — Vist þykir að verfall verði á ísfiski skömmu eftir ófriðarðök, en því mun og fylgja lækkandi framleiðslukostna

kostnaður. Er ekki að efa, að tilkostnaður og afrakstur leita þar jafnvægis og ástæðulaust að óttast afleiðingarnar, þótt nokkurn tíma taki.

Um hraðfrysta fiskinn ríkir meiri óvissa. Hér hefir sú framleiðsla sprottið upp á fáum árum langsamlega nösmestu á ófriðartínum. Framleiðsla þessi hefir ekki rutt sér braut á opnum markaði, heldur verið sold með samningum opinberra aðila og í neyzlulandinu komið í stað annars fisks, sem ódýrara er að framleiða en verið hefir mikil þurrð á. Er hraðfrysti fiskurinn að sönnu betri fæða að dómi okkar íslendinga, en þó svo sé, vitum við of lítið um sölu hans og neyzlu, eða hvern mun neytandinn gerir á honum á markaðinum að ófriðarlokum.

Íslendingar hafa lagt marga miljónatugi þessi framleiðslu tæki. Þar vinna nú þegar þúsundir manna, en auk þess eru hraðfrystihúsin orðin undirstaða undir rekstri wélbátanna, sem gleggst má af því marka, að þau geta nú fryst um hundrað þúsund smálestir af fiski, miðað við fisk upp úr sjó.

Hér er því mikið í húfi fyrir íslendinga. Það er alls ekki víst og kannski ekki sennilegt, að Bretland kaupi þessa vörum af okkur í framtíðinni, að minnsta kosti ekki jafngóðu verði sem áður. En okkur er borgið, ef okkur auðnast að brúa bilið milli okkar, sem búum við ríkustu fiskimið heimsins, og beirra tugmilljóna, sem mega hafa kaupgetu, en aldrei eiga kost á setum fiski.

Það er þetta sem við eigm að undirbúa okkur tafarlaust undir og dæggja meigináherzlu á. En hér ekki staður né stund að ræða það frekar. Aðeins skal nefnt, að við þurfum

að eignast næg frystiskip og jafnvel leggja fé fast erlendis til að ryðja þessari ágetu matvöru sem Íslendingar geta framleitt svo mikið af, braut alla leið frá Íslandsmiðum og inn á matborð neytandans, þótt yfir fjöll og dali verði að fara.

Allt verður þetta athugað, og ber að vona, að vel ráðist fram úr.

Einnig á sviði landbúnaðarins reynir nú á framsýni Íslendinga og framtak. Veit ég að vísu, að mjög skortir mig bekkingu til að setjast þar í dómara smetið, en þó vildi ég leyfa mér að láta þá skoðun í ljós, að á þessu sviði verði að fara fram gerbreyting, ef vel á að vera. Ég á þar ekki við samfærslu byggðarinnar, heldur það að stórvirkar vélar verði teknar í þágu landbúnaðarins í miklu ríkara mæli en verið hefur. - Hygg ég að á því geti oltið, hversu fer um íslenzkan landbúnað á komandi árum. Hitt má svo vel vera, að einnig byki skynsamlegt að faera byggðina saman. Um það hefir enn nokkuð hver sína skoðun. Vilja sumir, að allur búskapur landsmanna sé byggður á péttbýli, en aðrir sem minnstu breyta frá því sem er. Er líklegt að hér sem fyrr hafi hvor skoðunin nokkuð nokkuð til síns ágetis. En þó verða menn að geta þess, áður en dómur er felldur í þessum efnum, að ekki er krónutala afrakstursins einhlít til úrskurðar. Er það enn órannsakað mál. og verður þar til reynslan dæmis, hver áhrif sveitalífið hefir haft á menningu Íslendinga, atorku þeirra og þrautsegju.

Það er margt verkefnið og margur vandinn sem nú bíður okkar íslendinga.

Við þurfum að byggja upp og auka fiski- og kaupskipaflotann, reisa nýjar verksmiðjurm gerbreyta landbúnaðinum, umskapa verzlun landsins og viðskipti og læra að hagnýta réttilega orkulindir landsins, hlunnindi þess og geði.

Við þurfum einnig að leggja áherzlu á að ljúka sem fyrst þeim vegagerðum sem tengja saman sveit og sjó, hnýta einn landsfjórðunginn við annan, bæta strandferðir, auka landhelgisgrezlu, sjá fyrir sjúkum. Við þurfum að læra að stríta með viti, og eignum að haga menntun selskulýðsins þannig, að hann verði betur fær um, en verið hefur, að glíma við þau viðfangsefni, sem framundan bíða og leysa þarf úr.

Detta eru mikil verkefni. Þau verða ekki leyst á einu ári og ekki öll á fáum árum. En við ætlum að hefjast handa og stefna beint að markinu með þeim hraða, sem við sjáum okkur feart og ófriðarástandið heimilar.

Við vitum að við munum missa margan spón úr okkar aski. En við ætlum með réttri hagnýtingu hinna nýfengnu fjármuna að leitast við að fylla skörðin. Við ætlum að bæta minnkandi arð af hverju framleiðsluteski með því að hafa tækin fleiri og fullkomnari. - Við ætlum einnig að leitast við að bæta ríkissjóði tekjurýrnunina með því að koma á skynsamlegri samfærslu á rekstri þjóðarbúsins.

Við treystum því að með þessu móti fáum við risið undan kostnaði við rekstur menningarríkis á Íslandi.

Að hve miklu leyti okkur svo lánast að halda uppi óbreyttum lífskjörum sker reynslan úr. Í þeim eftum kvíðum við alls engu, heldur tökum því, sem að höndum ber. Við erum atorkusöm og dugleg þjóð. Við búum við ríkustu fiskimið heimsins. Við eigm margar ónotaðar orkulindir. Við ætlum að afla okkur hagnýtrar menntunar, - og við eigm þess kost að taka fullkomnustu nýtizku tækni í okkar þjónustu.

Við treystum því að slík þjóð reynist fær um að veita sjálfri sér viðunandi framfæri.

Ég held þess vegna að það sé ekki oftraust né óleyfileg bjartsýni, er íslendingar nú hafa sett markið hátt. Saga okkar sannas að með hverjum nýjum áfanga í sjálfstæðisbaráttunni hefir okkur vaxið stórhugur til nýrra dáða á svíði athafnalífsins. Svo mun enn verða og nú því meir en áður, sem áfanginn er langþráðari og sigurinn staðri og dýrmestari.

"Dagur er risinn, öld af öld ~~erkborin~~.

Aldarsól ný er send að skapa vorin.

Ardegið kallar, áfram liggja sporin,
enn er ei vorri framtíð stakkur slorinn".

Góðir áheyrendur.

Á árinu sem nú er að enda rættust aldalangir draumar þjóðarinnar. Íslenzkt lýðveldi var endurreist.

Það var ár hinnar ríkulegu uppskeru.

Við óskum þess að árið, sem nú er að hefjast, megi verða ár hinnar miklu sánингar. Við vonum einlæglega að hin fyrirhugaða nýsköpun geti hafist, og megi fara svo vel úr hendi, að með henni sé lagður grundvöllur að menniggu og velsæld íslendinga um langan aldur.

Að lokum vil ég enn þakka öllum, er að fornu og nýju hafa unnið að frelsi Íslendinga.

Ég þakka erlendum vinum okkar fyrir velvilja, skilning og samúð, sem jafnan hefir styrkt Íslendinga í baráttunni, allt frá því að hún fyrst var hafin og þar til nú, að hinar mörgu mikilsverðu viðurkenningar bárust okkur í sambandi við endurreisin lýðveldisins. Slík vinátta mun um alla framtíð vera okkur dýrmætur fjársjóður.

Ég þakka öllum Íslendingum, er á árinu, sem nú er að enda, hafa unnið að því að efla hag fósturjarðarinnar, hver á sínu sviði, og hver eftir sinni getu.

Ég þakka ánsægjulegt samstarf við erlenda vini okkar, ~~en~~ hér dvelja. Einnig þakka ég margvislega aöra velvild Íslendingum til handa á árinu.

Óska ég öllum farsøls og blessunarríks árs 4- árs og friðar, - í von um að sárin megi gróa, sár okkar og sár hins þjáða mannkyns.

Áramótaávarp forsetisráðherra í Ríkisútvarp 31. des. 1944
(Mbl. 3.1.1945.).